

Starfsemi Landssamtakanna Proskahjálpar



Október 2021 — október 2023

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

SKÝRSLA FORMANNS

Starfsemi Landssamtakanna Þroskahjálpar 2021 til 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar eru mannréttindasamtök.

Við byggjum allt starf okkar á alþjóðlega viðurkenndum mannréttindasamningum, svo sem samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og höfum líka heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu okkar starfi, en þau eru sett fram undir því loforði að skilja engan eftir.

Gullna reglan okkar er að horfa fyrst til þeirra sem eru jaðarsettastir, njóta fæstra tækifæra og/eða eiga sér fáa málsvara. Á meðal þeirra sem við vinnum með og fyrir eru einstaklingar með þroskahömlun og skyldar fatlanir, einhverft fólk, öll fötluð börn, fatlaðir innflytjendur, fatlað flóttafólk og fatlaðir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Við teljum að virðing fyrir mannréttindum sé ekki eingöngu stjórnmalalegt eða stjórnunarlegt verkefni. Samningar, stefnur, lög og reglugerðir eru nauðsynlegar en duga ekki einar og sér til að tryggja jafnrétti og jöfn tækifæri. Mannúð og inngilding er ómissandi þáttur í mannréttindum. Og til að stuðla að inngildingunni er fræðsla, þekking og þátttaka lykilatriði.

Þroskahjálpar leggur áherslu á að vera í virku samráði við stjórnvöld með það að markmiði að tryggja mannréttindi. Við styðjum fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir til að vera eigin talsmenn, því það veit best hverju þarf að breyta og hvernig þarf að gera það. Þroskahjálpar hefur átt í samstarfi við stefnumótendur hjá ríki og sveitarfélögum, ráðuneyti, stjórnmalaflokka, alþingismenn

Stjórn

Unnur Helga Óttarsdóttir formaður
Sigrún Birgisdóttir varaformaður
Áslaug Sveinsdóttir
Guðmundur Ármann Pétursson
Leó Már Jóhannsson
Sunna Dögg Ágústsdóttir
Þórdís Erla Björnsdóttir

Varamenn í stjórn

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir
Ólafur Snævar Aðalsteinsson
Sylvía Kristinsdóttir

Framkvæmdaráð

Sigrún Birgisdóttir
Sunna Dögg Ágústsdóttir
Unnur Helga Óttarsdóttir
Þórdís Erla Björnsdóttir



SKÝRSLA FORMANNS

og aðila sem veita fötluðu fólki þjónustu. Einnig hafa samtökin tekið þátt í fjölmiðlaumfjöllun þegar þörf krefur til að vekja athygli á ýmsum annmörkum sem þarf að laga og hindrunum sem verður að ryðja úr vegi til að uppfylla réttindi og mæta þörfum fatlaðs fólks.

INNGILDING

Þroskahjálp hefur undanfarin misseri lagt æ ríkari áherslu á að víkka samtalið út ef svo má segja og taka þátt í almennri umræðu og gera vaxandi kröfu um inngildinguna á öllum sviðum samfélagsins. Samtökin hafa átt í virku samtali við fjölmarga aðila til að vekja athygli á réttindum fatlaðs fólks og verið til samráðs og samvinnu um hvernig mögulegt er að fjölga tækifærum þess til þátttöku á fjölmörgum sviðum samfélagsins. Á meðal þeirra sem Þroskahjálp hefur verið í slíku samtali við eru:

Atvinnulífið — vegna þess að skapa þarf fleiri tækifæri fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði og efna til vitundarvakningar um mikilvægt framlag þess til verðmætasköpunar. Við höfum m.a. átt í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Stjórnvís – félag stjórnenda og Empower Now sem er nýsköpunarfyrirtæki sem er að þróa hugbúnað fyrir fyrirtæki sem miðar að farsælli mannauðsstjórnun.

Framhaldsskólar — vegna þess að mikilvægt er að halda áfram að þróa námstækifæri fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar fatlanir til að tryggja framtíðarmöguleika þeirra til frekara náms og starfa.

Háskólar — vegna þess að við þurfum að skapa fleiri menntunar-möguleika fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir og við þurfum líka að fræða nemendur háskólanna um mikilvægi þess að allir þekki réttindi fatlaðs fólks til að geta skapað réttlátt samfélag og uppfyllt þær skyldur sem leiða af lögum um réttindi fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



SKÝRSLA FORMANNS

Tækniðnaðurinn — vegna þess að tæknin getur opnað leiðir til þátttöku, en hún getur líka leitt af sér enn frekari jaðarsetningu ef hún tekur ekki tillit til réttinda, þarfa og getu allra þegar tæknin er þróuð og innleidd. Áþreifanlegasta dæmið um þetta er útilokun hóps fatlaðs fólks frá því að fá rafræn skilríki, sem í alvarlegustu tilvikunum leiðir til þess að viðkomandi er sviptur möguleikum til þess að nálgast afar mikilvæga þjónustu.

Ríkislögreglustjóri — vegna þess að það er sorgleg staðreynd að fatlað fólk, fullorðnir og börn, eru líklegri en aðrir hópar til að verða fyrir ofbeldi af öllu tagi og þarfir þess fyrir vernd og stuðning getur verið ólíkt því sem hefðbundnir verkferlar kveða á um. Í samtali við lögregluna er fjallað um viðfangsefni eins og ofbeldi, samskipti við fatlað fólk, viðeigandi aðlögun, aðgengi að dómstólum og fleira.

Útlendingastofnun — vegna þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur þýðingu þegar kemur að afgreiðslu umsókna fatlaðs fólks um alþjóðlega vernd og kemur til viðbótar við viðeigandi lög og reglugerðir um málefni útlendinga.

Almannavarnir — vegna þess að taka þarf fullt tillit til þarfa og réttinda fatlaðs fólks í öllum neyðaráætlunum og neyðarviðbrögðum, þar með talið við atburðum tengdum loftslagsbreytingum, mögulegum heimsfaröldrum og náttúruhamförum.

Utanríkisráðuneytið, skrifstofa þróunarmála — vegna þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks krefst þess að alþjóðlegt samstarf, þar á meðal alþjóðlegar þróunaráætlanir, taki tillit til þarfa og séu aðgengilegar fötluðu fólki.

Íþróttahreyfingin — því við eigum öll að hafa sama aðgang að íþróttum, bæði börn og fullorðnir.

Heilbrigðisyfirvöld — vegna þess að allir ættu að hafa jafnan aðgang að heilbrigðiskerfum óháð fötlun. Ítrekað fáum við inn á borð til okkar mál þess efnis að fólki með þroskahömlun og einhverfu fólki er synjað um geðheilbrigðisþjónustu.

SKÝRSLA FORMANNS

SAMRÁÐ OG SAMSTARF

Þroskahjálp leitast við að hafa mikið samráð við fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir í verkefnum sínum. Við styðjum við og vinnum með Átaki, félagi fólks með þroskahömlun og einnig ungmennaráði Þroskahjálpar, sem skipað er ungu fólki með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og er samtökunum til ráðgjafar og stuðnings í verkefnum sem snerta líf og tækifæri ungs fólks.

Samtökin eiga í fjölbreyttu samstarfi við önnur félagasamtök, stofnanir og stjórnvöld. Samtökin hafa verið þátttakendur í List án landamæra og eiga þar fulltrúa í stjórn. Einnig eru samtökin aðilar að Mannréttindaskrifstofu Íslands, og Félagi um fötlunarrannsóknir, Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, TMF tölvumiðstöð fatlaðra og Sjónarhóli ráð-gjafamiðstöð.

Fundaherferðin *Sæti við borðið* hófst á haustmánuðum, en um er að ræða átak til að efla umræðu um notendaráð sem eiga samkvæmt lögum að vera starfandi í öllum sveitarfélögum og kynna námskeið fyrir þeim sem hafa áhuga á að starfa í notendaráðum. Herferðin var skipulögð í samstarfi Þroskahjálpar, Átaks og Fjölmenntar með styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Fulltrúar Þroskahjálpar voru hluti af íslenskri sendinefnd sem sótti ríkjaráðstefnu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York vorið 2023. Verkefnastjóri ungmennaráðs hélt erindi á viðburði sem haldinn var í tengslum við ráðstefnuna ásamt ungum fulltrúum frá öðrum Norðurlandarákjum.

Verkefnisstjóri ungmennaráðs hefur tekið þátt í fjölmörgum viðburðum í samstarfi og samráði við önnur hagsmunasamtök ungs fólks. Má þar nefna þátttöku í ungetinget sem haldið var í Stokkhólmi en þar kemur saman ungt fólk frá öllum Norðurlöndunum til að ræða mannréttindi og samstarf Norðurlandanna á því sviði og ráðstefnu um inngildinguna í listum í Santiago de Compostela á Spáni.



SKÝRSLA FORMANNS

Þroskahjálp hefur notið krafta starfsnema sem stunda diplómanám á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Samstarfið hefur gengið mjög vel og samtökin notið góðs af því að vinna með ungu fólki með frábærar hugmyndir sem hefur brennandi áhuga á réttindabaráttu fólks með þroskahömlun.

Þroskahjálp tók virkan þátt í verkefni sem leitt var af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og fólst í gerð landsáætlunar um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið leiddi saman fulltrúa ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka til þess að kortleggja þær áskoranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir og gera tillögur að aðgerðum til að leysa þær. Samtökin áttu fulltrúa í þeim ellefu hópum sem unnið hafa með greinar samningsins, tóku þátt í samráðsþingi í Hörpu og unnu að aðgerðartillögum til þess að uppfylla ákvæði greina samningsins. Í framhaldi af þessari vinnu fórum við í hringferð um landið með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðs ráðherra þar sem boðið var upp á opna samráðsfundi um málefni fatlaðs fólks og landsáætlunarvinnan var kynnt og rædd.

Þroskahjálp átti fulltrúa í hópi sem starfaði undir mennta- og barnamálaráðuneyti með það að markmiði að bæta stuðning og þjónustu við börn á flótta og börn innflytjenda.

Fulltrúi Þroskahjálpar leiddi starfshóp sem starfaði undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk.

Þar að auki eiga samtökin fulltrúa í ýmsum langtíma samráðshópum á vegum stjórnvalda.



SKÝRSLA FORMANNS

Múrbrjótar og viðurkenningar

Proskahjálp hefur óslitið frá árinu 1993 haldið upp á alþjóðlegan dag fatlaðs fólks með því að veita viðurkenningu sem við köllum Múrbrjótinn, en viðurkenningin er veitt aðilum sem þykja hafa sýnt frumkvæði og ýtt undir nýsköpun varðandi þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu og þannig sýnt mikilvægt frumkvæði og framtak við að brjóta niður múra og breyta viðhorfum sem hindra að fatlað fólk fái þau tækifæri sem það á að njóta til jafns við aðra.

Múrbrjótar árið 2021:

Þórir Gunnarsson — fyrir baráttu fyrir aðgengi að listnámi án aðgreiningar og framlag á sviði lista.

Harpa Björnsdóttir — fyrir baráttu fyrir lista- og menningarlífi án aðgreiningar.

Kristinn Jónasson — fyrir mikilvægt framtak og öflugt íþróttastarf í þágu fatlaðra barna.

Múrbrjótar árið 2022:

Lára Þorsteinsdóttir og Finnbogi Örn Rúnarsson — bæði fyrir baráttu fyrir aðgengi að háskólanámi án aðgreiningar.

Eva Ágústa Aradóttir og Guðlaug Svala Kristjánsdóttir — fyrir hlaðvarpsþættina „Ráfað um rófið“ er fjalla um einhverfu frá hinum ýmsum hliðum í daglegu lífi.



SKÝRSLA FORMANNS

Samtökin hafa einnig veitt viðurkenningu fyrir lokaverkefni til B.A.-prófs í þroskaþjálfrafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið er að stuðla að nýsköpun og vekja athygli á framúrskarandi verkefnum sem nýtast fólki með þroskahömlun og skyldar fatlanir og einhverfu fólki.

Viðurkenningar árið 2021

Á haustmánuðum veittum við viðurkenningu fyrir eftirfarandi verkefni:

Í fyrsta sæti:

Enginn er eins.

Höfundar: Andrea Rut Birgisdóttir og María Erla Finnbjörndóttir.

Í öðru sæti voru tvö verkefni:

Hreyfing dagsins og góð ráð (verkefnabók og greinargerð).

Höfundar: Guðný Hanna Sigurðardóttir og Selma Shwaiki.

Það læra börn sem fyrir þeim er haft – hugmyndir að félagsfærniþjálfun.

Höfundur: Anna María Snorradóttir.

Viðurkenningar árið 2023

Á vormánuðum afhentum við viðurkenningu fyrir:

Gullkistan — spil hannað fyrir nemendur sem nýta sér óhefðbundnar leiðir til tjáningar, tákn með tali.

Höfundar: Elísa Marey Sverrisdóttir, Sara Hlín Liljudóttir og Snædís Helma Harðardóttir



SKÝRSLA FORMANNS

Málþing, ráðstefnur og fundir

Sveitarstjórnarkosningar árið 2022

Landssamtökin Þroskahjálp tóku þátt í fundum á landinu öllu, í samstarfi við ÖBÍ réttindasamtök og skiptust formaður og framkvæmdastjóri á að mæta á fundina. Alls voru fundirnir tólf og gátu frambjóðendur komið sínum áherslumálum á framfæri er tengjast málefnum fatlaðs fólks og einnig áttu kjósendur kost á því að koma með fyrirspurnir til frambjóðenda.

Formannafundur 2023

Í marsmánuði var haldinn fundur með formönnum aðildarfélaganna og stjórn samtakanna. Megintilgangur fundarins var að skiptast á upplýsingum og skoðunum, styrkja tengsl og stilla saman strengina.

18 ára og hvað svo?

Það er að ýmsu að hyggja þegar fötluð ungmenni verða 18 ára og ná lögræðsisaldri (sjálfræði). Mörg velta fyrir sér áframhaldandi námi, búsetuúrræðum og vinnu. Ýmsar breytingar eiga sér stað á réttarstöðu fólks við 18 ára aldur og mikilvægt er að hafa allar upplýsingar skýrar og aðgengilegar. Þroskahjálp og Einhverfusamtökin efndu til fræðslufundar til að miðla upplýsingum um hvað breytist við þessi tímamót. Fundurinn var vel sóttur og umræðuefnið augljóslega brýnt og mikilvægt.

Framtíð sem skilur engan eftir

Málþing um aðgengi fatlaðs fólks að stafrænum heimi og þær samfélagslegu breytingar sem fylgja innleiðingu stafrænnar tækni. Fjallað var um stafrænt aðgengi, áskoranir og hindranir sem fatlað fólk mætir og ljósi varpað á mikilvægi þess að þróa tækni með ólíkar þarfir í huga.

SKÝRSLA FORMANNS

Samfélagsleg áhrif birtingarmynda í sviðslistum

Þroskahjálp tók þátt í málþingi sem Þjóðleikhúsið skipulagði um samfélagslegt hlutverk lista, þar sem hugað var að spurningum um sögurnar sem sagðar eru, um framsetningu þeirra og það hvernig ólíkum hópum er gert kleift að njóta lista og taka þátt í sköpun listaverka.

Sjálfræði í lífi fólks með þroskahömlun

Málþing sem haldið var í samvinnu við Menntavísindasvið og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Tilefni málþingsins var útkoma bókarinnar *Aðstæðubundið sjálfræði. Líf og aðstæður fólks með þroskahömlun* sem kom út í mars 2023.

Inclusive Housing

Hliðarviðburður á Conference of the Nordic Network on Disability Research sem haldin var í Reykjavík í maí 2023. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við The European Association of Service Providers for Persons with Disabilities - EASPD.

Fundur með Norræna fötlunarráðinu

Þroskahjálp, í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, efndi til fundar með Norræna fötlunarráðinu þar sem umræðuefnið var inngilding og tækniþróun og hvernig Þroskahjálp nálgast þetta mikilvæga verkefni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð kynnti tækni sem notuð er til að auðvelda blindum og sjónskertum aðgengi að samfélaginu.

SKÝRSLA FORMANNS

Vitundarvakning og herferðir

Hvað er planið? herferðin fór í loftið í ágúst 2022. Markmið herferðarinnar var að vekja athygli á stöðu fatlaðra ungmenna eftir útskrift af starfsbrautum framhaldsskólanna hvað varðar frekari náms- og atvinnutækifæri. Herferðin fór fram á samfélagsmiðlum, í sjónvarpi og einnig voru auglýsingar á strætóskýlum helgina sem menningarnótt í Reykjavík fór fram. Safnað var undirskriftum með hvatningu til stjórnvalda um að tryggja fjölbreyttar leiðir til frekara náms.

Hátt í 7 þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar ráðherrum með athöfn 16. september. Herferðin fékk umtalsverða umjöllun í ýmsum fjölmiðlum og þykir hafa tekist með ágætum að vekja athygli á stöðu fatlaðra ungmenna í samfélaginu almennt.

Hvað er málið? fræðsluprófinu var hleypt af stokkunum um mitt ár 2023. Þar bauðst fólki að spreyta sig á orðanotkun þegar talað er um málefni fatlaðs fólks, um leið og þátttakendur voru hvattir til að tala um og við fólk af virðingu. Einnig voru birtar auglýsingar á strætóskýlum til að vekja athygli á verkefninu.

Um átta þúsund manns þreyttu prófið og verkefnið vakti mikla athygli og þarfa umræðu.

Meinlaust? var herferð sem Þroskahjálp tók þátt í í samstarfi við Jafnréttisstofu. Markmið hennar var að vekja athygli á örareiti og fordómum sem jaðarsettir hópar verða fyrir, þar á meðal fatlað fólk og vann Þroskahjálp þann hluta með Jafnréttisstofu. Einnig tóku Samtökin 78 og félagasamtökin Hennar rödd þátt í átakinu.

Þroskahjálp á fulltrúa í stjórn *Listar án landamæra*. Hátíðin, sem hefur fyrir löngu sannað mikilvægi sitt í því að vekja athygli á mikilvægu framlagi fatlaðs listafólks, fagnar tuttugu ára afmæli í ár og er því sérlega vegleg að þessu sinni.



SKÝRSLA FORMANNS

Ellefta þáttaröðin af *Með okkar augum* var sýnd á haustmánuðum 2023. Þættirnir eru margverðlaunaðir og hafa vakið athygli fyrir nýstárleg og frumleg efnistöð. Hugmyndin að fyrstu þáttaröðinni varð til hjá Þroskahjálpi en síðan hefur verkefnið vaxið og dafnað á eigin forsendum. Þroskahjálpi veitir þó enn styrk til verkefnisins, enda gríðarlega mikilvægt með tilliti til vitundarvakningar og sýnileika fólks með þroskahömlun.

Fjáröflun

Um árabíl hefur Þroskahjálpi gefið út listaverkaalmanak og hefur salan á því jafnan verið stærsta einstaka fjáröflun árs hvers.

Almanakið er enda selt vítt og breitt um landið, með ýmsum hætti, ýmist fyrir tilstuðlan endursöluaðila okkar sem selja almanakið maður á mann, í verslunum, í vefverslun Þroskahjálpar og víðar.

Almanakið 2022 skartaði verkum eftir Kristínu Gunnlaugs og seldist vel. Við gerð almanaksins 2023 nostraði starfsfólk Þroskahjálpar við hönnunina á almanakinu og uppfærðu nokkuð útlit þess, auk þess sem að það árið prýddu almanakið verk eftir 12 fatlaða listamenn, sem var nýlunda. Undirbúningur fyrir sölu almanaksins 2024 er nú á lokastigum, en það skartar verkum eftir fjóra fatlaða listamenn. Auk þess að vera okkur mikilvæg fjáröflun, hefur almanakið nú því þann viðbótarávinning að veita fötluðu listafólki pláss og tækifæri til að koma list sinni á framfæri.

Hönnun, útgáfa og sala almanaksins er heljarmikið verk ár hvert, en afar skemmtilegt og gefandi, og samtökunum mikilvægt fyrir margra hluta sakir.

Nú í október 2023 styrkja okkur rúmlega 2900 manns mánaðarlega, og hefur þeim fjölgað um 825 bara á síðustu 12 mánuðum. Mestu munar þar um hve margir nýir mánaðarlegir styrktaraðilar komu inn af lista þeirra sem tóku þátt í fræðsluprófinu Hvað er málið.

SKÝRSLA FORMANNS

Meðalupphæð mánaðarlegra styrkja styrktaraðila okkar eru um 1800 kr., og er gróflega áætluð ársinnkoma af þessum mánaðarlegu styrktaraðilum um 56 milljónir kr.

Erum við í reglulegu sambandi við mánaðarlegu styrktaraðila okkar, fyrst og fremst með því að senda þeim pósta með fréttum af starfinu.

Nýsköpun – þjálfun í sýndarveruleika

Þroskahjálp tók höndum saman við *Virtual Dream Foundation*, með styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, til að búa til fjóra sýndarveruleika til að hjálpa fólki með þroskahömlun og skyldar fatlanir að takast á við nýjar og mögulega ógnvekjandi aðstæður. Í sýndarveruleika er hægt að upplifa aðstæðurnar í öruggu umhverfi á eigin heimili eða á öðrum kunnuglegum stað. Þeir fjórir veruleikar sem þegar hafa verið gerðir fjalla um að nota almenningsamgöngur, kjósa í lýðræðislegum kosningum, fara í sumarþúðir og leita sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmið verkefnisins er að styrkja notandann til aukins sjálfstæðis og stækka reynsluheim hans.

Miðstöð um auðlesið mál

Til að vera fullgildur og virkur samfélagsþegn og taka upplýstar ákvarðanir er lykilatriði að hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum. Miðstöð um auðlesið mál, sem Þroskahjálp hefur umsjón með, semur og umritar texta og upplýsingar, til dæmis efni frá stofnunum og fyrirtækjum eða fræðslu- og kynningarefni, yfir á auðlesið mál. Einnig er stöðugt verið að bæta við orðabanka sem samanstendur af ýmsum orðum og hugtökum sem útskýrð eru á auðlesnu máli. Nýjasta viðbótin við þetta verkefni er búin til fyrir Instagram þar sem hlutir eins og rafræn skilríki, LGBTQ+ hugtök og ýmis önnur orð eru útskýrð. Miðstöð um auðlesið mál reyndist mikilvæg meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum stóð og einnig við að útskýra stríðið í Úkraínu fyrir fólki með þroskahömlun.



SKÝRSLA FORMANNS

Málefni fatlaðra barna

Þroskahjálpar leggur ríka áherslu á að standa vörð um réttindi og tækifæri fatlaðra barna.

Þroskahjálpar er stofnaðili að Barnaréttindavaktinni, sem er samráðsvettvangur níu félagasamtaka sem öll vinna að hagsmunum og velferð barna. Barnaréttindavaktin endurvakti verkefnið talsmenn barna á Alþingi, en allir flokkar sem eiga sæti á Alþingi hafa tilnefnt sérstakan talsmann barna til að vera tengiliður vegna mála sem eru til meðferðar í þinginu og varða börn. Einnig geta talsmenn leitað eftir upplýsingum til barnaréttindavaktarinnar og hóps barna sem stóð að fræðslu fyrir talsmennina í upphafi verkefnisins.

Þroskahjálpar styður fötluð börn til þátttöku á Barnaþingi sem haldið er annað hvert ár af umboðsmanni barna. Mikilvægt er að fötluð börn hafi tækifæri og viðeigandi stuðning til þátttöku til að tryggja að rödd þeirra heyrir og að þingið endurspegli reynslu þeirra og skoðanir.

Þroskahjálpar vinnur nú að því að koma á fót rafrænni upplýsingamiðstöð fyrir foreldra fatlaðra barna. Sérstök áhersla verður lögð á að hafa efni og upplýsingar aðgengilegt fyrir foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna. Með þessu er verið að bregðast við skorti á aðgengi að upplýsingum um réttindi og stuðningsþjónustu fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna.

Á vormánuðum 2023 stóð Þroskahjálpar fyrir 6 listasmiðjum fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 13 til 15 ára. Verkefnið var unnið með styrk úr Barnamenningar-
sjóði og lauk með fjölsótttri og mjög vel lukkaðri sýningu í Ásmundarsafni á Barnamenningarhátíð.

SKÝRSLA FORMANNS

Alþjóðlegt samstarf

Mannréttindi eru í eðli sínu algild og einskorðast ekki við landamæri.

Proskahjálp er í samstarfi við *Inclusion Nordic*, *Inclusion Europe* og *Inclusion International*. Samstarf á vettvangi *Inclusion* reyndist afar mikilvægt eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Mikil samstaða og samstarf var meðal hagsmunasamtaka fatlaðs fólks í Evrópu um að styðja við fatlað fólk í Úkraínu. Proskahjálp tók höndum saman við fleiri samtök á Íslandi og stjórnvöld um að safna fjármunum til neyðaraðstoðar sem miðlað var í gegnum *Inclusion Europe* og söfnuðust rúmar 16 milljónir. Jafnframt tókum við þátt í verkefni með utanríkisráðuneytinu og Hjálparstarfi kirkjunnar sem fólst í að styrkja samtök í Póllandi sem styðja við fatlað flóttafólk frá Úkraínu.

Proskahjálp vinnur, með styrk frá utanríkisráðuneytinu, með systur-samtökum í Malaví, *The Federation of Disability Organisations in Malawi (FEDOMA)*, að stuðningi við fötluð börn og mæður þeirra í Mangochi-héraði þar sem Íslendingar hafa um áratugaskeið sinnt þróunarsamvinnu. Samstarfið felur einnig í sér að vinna að vitundarvakningu um réttindi og hæfileika fatlaðs fólks bæði í Malaví og á Íslandi. Verkefnið er unnið í góðu samtali við utanríkisráðuneytið sem nýlega veitti Proskahjálp langtímastyrk til fjögurra ára til að halda áfram árangursríku starfi í Mangochi. Áður hafði verkefnið tvisvar hlotið styrk til eins árs í senn.

Proskahjálp á aðild að *Eurochild*, regnhlífarsamtökum tæplega tvö hundruð samtaka í fjörutíu og einu landi í Evrópu sem vinna að hagsmunum og velferð barna.

Proskahjálp er aðili að *EASPD – The European Association of Service Providers for Persons with Disabilities*. Markmið *EASPD* er að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir fatlað fólk með nýsköpun, sem leiðir til skilvirkra og vandaðra þjónustukerfa. Í samstarfi við *EASPD* skipulagði Proskahjálp hliðarviðburð um húsnæðismál með áherslu á inngildingu á stórrí alþjóðlegri ráðstefnu sem fram fór í Reykjavík vorið 2023.

SKÝRSLA FORMANNS

Verkefnastjóri náms- og atvinnutækifæra flutti erindi á netráðstefnu norsku samtakanna *Diversify* og voru samtökin í kjölfarið tilnefnd til verðlauna sem veitt eru félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum sem þykja hafa skarað fram úr á sviði jafnréttis á Norðurlöndum. Meginmarkmið *Diversify* er að varpa ljósi á brautryðjendur sem skara fram úr og vinna markvisst að því að auka jafnrétti á vinnumarkaði – og ná árangri.

Þroskahjálp, í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, efndi til fundar með Norræna fötlunarráðinu þar sem umræðuefnið var inngilding og tækniþróun og hvernig Þroskahjálp nálgast þetta mikilvæga verkefni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fjallaði um möguleika tækninnar til að auka aðgengi blindra og sjónskertra að samfélaginu.

Náms- og atvinnutækifæri

Verkefnastjóri hóf í lok árs 2021 samstarf Þroskahjálpar við Samtök atvinnulífsins þar sem ákveðið var að samtökin og Þroskahjálp tækju höndum saman við að kynna og vekja athygli á mikilvægi þess að fyrirtæki bjóði upp á störf fyrir alla. Líka þau sem eru með skerta starfsgetu. Unnið var stutt myndband sem SA framleiddi þar sem rætt er við fulltrúa atvinnulífs, einstakling í starfi með skerta starfsgetu og fulltrúa Vinnumálastofnunar. Inntakið var að vekja athygli á ávinningi slíks vinnusambands og því hvernig fyrirtæki bera sig að hjá Vinnumálastofnun.

Verkefnastjóri undirbjó ráðstefnu Þroskahjálpar sem haldin var samhliða landsfundi samtakanna 202, um atvinnumál þar sem samstarf og myndbandið var kynnt sérstaklega af fulltrúa Samtaka atvinnulífsins.

Í samstarfi við Samkaup ehf. vann verkefnastjóri fræðsluerindi um viðeigandi aðlögun á vinnustað. Í kjölfarið skrifuðu Þroskahjálp og Samkaup undir samstarfsyfirlýsingu um frekari aðkomu Þroskahjálpar með fræðslu og/eða stuðningi við starfsfólk. Samkaup kostuðu tölur og vinnslu erindisins sem er öllum aðgengilegt á heimasíðu Þroskahjálpar.

SKÝRSLA FORMANNS

Verkefnastjóri hefur átt fjölda funda með velferðarsviðum sveitarfélaga til að kynna stöðu ungmenna og ræða tækifærin innan þeirra sveitarfélaga sem heimsótt eru. Fundirnir hafa verið afar gagnlegir þar sem alla jafna hefur setið starfsfólk sem kemur að þjónustu við fatlað fólk og virkniúrræða. Einnig hafa tengiliðir Vinnuálastofnunar og starfsbrauta verið boðaðir þar sem það hefur átt við. Sviðstjórar velferðsviða hafa alla jafna setið fundina. Nú hafa alls 16 sveitarfélög fundað með Þroskahjálp, ásamt velferðarnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga sem og samráðsvettvangi velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Því til viðbótar hefur verkefnastjóri mætt á fundi m.a. hjá Velferðarvaktinni, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og öðrum velgjörðarsamtökum til að kynna þau verkefni sem hafa verið á döfinni.

Verkefnastjóri leiddi herferðina *Hvað er planið?* Sem fór í loftið í ágúst 2022. Markmið herferðar var að vekja athygli á stöðu fatlaðra ungmenna eftir útskrift af starfsbrautum framhaldsskólanna hvað varðar frekari náms- og atvinnutækifæri. Safnað var undirskriftum með hvatningu til stjórnvalda um að tryggja fjölbreyttar leiðir til frekara náms.

Hátt í 7 þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar ráðherrum með athöfn 16. september 2022. Herferðin fékk umtalsverða umfjöllun í ýmsum fjölmiðlum og þykir hafa tekist með ágætum að vekja athygli á stöðu fatlaðra ungmenna í samfélaginu almennt.

Verkefnastjóri situr í stjórn nýsköpunarverkefnis fyrir hönd Þroskahjálpar þar sem unnið er að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í nýsköpun. Verkefnið hlaut styrk á fjárlögum 2022 til frekari útfærslu á framkvæmd verkefnisins sem er unnið í samstarfi Háskóla Íslands, Þroskahjálpar, ÖBÍ réttindasamtaka, Kvan og Hugverkasamtaka Íslands.

Vinna og hönnun á heimasíðu upplýsingatorgs um náms- og atvinnutækifæri sem og íþróttir og tómstundir er hafin. Heimasíðan verður vistuð hjá Þroskahjálp og hefur fengið nafnið *hvaderplanid.is*. Stefnt er að opnun síðunnar á í lok árs

SKÝRSLA FORMANNS

2023. Þar verður að finna allar upplýsingar um það nám sem er í boði fyrir fötluð ungmenni, upplýsingar um hvernig sótt er um vinnu og virkni sem og hvar boðið er upp á íþróttir og tómsundir sem bjóða upp á aðgengi fyrir fötluð ungmenni.

Í apríl 2022 stóðu Þroskahjálp, ásamt ÖBÍ réttindasamtökum og Samtökum atvinnulífsins fyrir morgunverðarfundir fyrir fullu húsi sem haldið var í húsi atvinnulífsins. Þar kynntu nokkrir aðilar verkefni er varða atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og öryrkja.

Verkefnastjóri sótti málþingi í Póllandi sem fram fór í maí 2023 um þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði og leiðirnar áfram.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa vakið athygli út fyrir landsteinana fyrir baráttu sína fyrir jafnrétti og inngildingu í samfélaginu ekki síst þegar kemur að vinnumarkaði. Verkefnastjóri flutti erindi á netráðstefnu norsku samtakanna Diversify fyrir í vetur og voru samtökin tilnefnd í kjölfarið til verðlauna sem veitt eru félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum sem þykja hafa skarað fram úr á sviði jafnréttis á Norðurlöndum. Meginmarkmið Diversify er að varpa ljósi á brautryðjendur sem skara fram úr og vinna markvisst að því að auka jafnrétti á vinnumarkaði – og ná árangri. Af því tilefni var verkefnastjóra boðið að sitja ráðstefnu samtakanna í lok ágúst 2022 sem fjallaði um inngildingu, margbreytileika og jafnræði á vinnumarkaði sem haldin var í Osló.

Þroskahjálp var tilnefnd í flokknum ‘catalyst’, sem gæti útlagst sem hvataverðlaun, og sigraði í netkosningu um verkefni á Íslandi ásamt Reykjavík Global Forum – Women Leaders.

Í janúar hófst undirbúningur að málþingi um atvinnumál fatlaðs fólks í samstarfi við ÖBÍ réttindasamtök, félags – og vinnumarkaðs ráðuneytið og Samtök atvinnulífsins.

SKÝRSLA FORMANNS

Undir lok árs 2022 var verkefnastjóri skipaður formaður starfshóps um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Starfshópurinn tók til starfa í janúarmánuði, fundaði reglulega og fékk til sín sérfræðinga sem gáfu góða innsýn í stöðu mála. Áætluð skil á tillögum er á haustmánuðum 2023.

Samtalið við atvinnulífið hefur haldið áfram og skilað samstarfi við tækni og fræðslufyrirtækið *Empower Now* sem felst í ráðgjöf við gerð fræðsluefnis um veruleika fatlaðs fólks. En fyrirtækið stendur fyrir mælingum á vinnustaðamenningu og jafnréttisáherslum og býður upp á rafræna fræðslu í þeim efnum.

Fjölmörg erindi voru haldin um mikilvægi þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði og viðeigandi aðlögun, m.a. hjá Festu miðstöð um sjálfbærni þar sem fjallað var um félagsleg gildi og Mannauði, félagi mannauðsstjóra. Haldinn var fræðslufundur um atvinnutækifæri fatlaðs fólks í Vestmannaeyjum í samstarfi við Vinnumálastofnun og Visku, fræðslu og símenntunarmiðstöð þar sem fulltrúum fyrirtækja á svæðinu var boðið. Fundurinn var vel sóttur og ákveðið að bjóða upp á slíka fundi um land allt í framhaldinu.

Í farvatninu er frekara samstarf við Tækniskólann og Samtök atvinnulífsins um útfærslu og kynningu á starfstengdum námsleiðum fyrir fötluð ungmenni í Tækniskólanum. Undirbúningur er hafinn og til stendur að gera kynningar-myndbönd og boða til fundar í samstarfi við Samtök atvinnulífsins sem fyrirhugað er að verði á dagskrá á næstu mánuðum.

Verkefnastjóri tók þátt í stóra mannauðsdeginum í október 2023 og kynnti þar fræðslu um viðeigandi aðlögun á vinnustað sem Þroskahjálp býður upp á.



SKÝRSLA FORMANNS

Heilbrigðisþjónusta og heilsuefling

Eins og undanfarin ár hafa erindi borist samtökunum tengdum óviðunandi heilbrigðisþjónustu fyrir fólk með þroskahömlun. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er ábótavant á margan hátt. Þar má nefna algjöran skort á sérhæfðum úrræðum fyrir fólk með þroskahömlun sem glímur við áfengis og vímuefnavanda. Skort á verkferlum sem tengjast krabbameins skimunum, sérstaklega fyrir fólk með óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og skort á sérhæfðum úrræðum fyrir fólk með þroskahömlun sem glímur við offitu og efnaskiptasjúkdóma. Geðheilsuteymi taugaþroskaraskanna er starfrækt á vegum heilsugæslunnar, þangað sækir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir sem glímur við geðrænar áskoranir. Teymið sinnir einstaklingum sem hafa mikinn og fjölþættan vanda og er sannarlega nauðsynlegt og gott úrræði. Eftir situr þó stór hópur fólks sem þarf á geðheilbrigðisþjónustu að halda en er ekki talið í nógu miklum vanda til að komast að hjá teyminu.

Aðgengi að forvörnum er ábótavant fyrir þennan hóp og gerir almennt forvarnarstarf oft á tíðum ekki ráð fyrir fólki með þroskahömlun. Skortur er á starfsfólki með sérþekkingu á þroskahömlun innan heilbrigðiskerfisins sem bitnar á þjónustu við hópinn.

Síðastliðið ár hafa Landssamtökin Þroskahjálpi haldið úti heilsueflingarverkefni, með styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðherra. Verkefnið er fjölþætt en áhersla er lögð á að útbúa aðgengilegt fræðsluefni, skoða úrræði, auka vitund og skoða lög og reglur sem við koma heilsueflingu fólks með þroskahömlun. Markmiðið er að valdefla og fræða fólk með þroskahömlun til þess að taka ábyrgð á eigin heilsu og stunda heilbrigðan lífsstíl.



Landssamtökin
Þroskahjálp

SKÝRSLA FORMANNS

Lokaorð

Eins og sjá má eru verkefni Þroskahjálpar fjölbreytt og snerta flesta þætti samfélagsins. Okkur hefur borið gæfa til að eiga mjög gott samstarf við fjölmarga aðila sem hefur skilað okkur árangri á ýmsum sviðum, en betur má ef duga skal. Framundan eru verkefni sem brýnt er að takast á við, en líka tækifæri sem við munum ekki láta fram hjá okkur fara.

Unnur Helga Óttarsdóttir

formaður Þroskahjálpar

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi Landssamtakanna Þroskahjálpar 2021 til 2023

Skrifstofa samtakanna á Háaleitisbraut 13

Skrifstofa Landssamtakanna Þroskahjálpar er til húsa að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík. Samtökin komu sér þar fyrir árið 2004 en í húsinu er margvísleg önnur starfsemi sem hefur það að markmiði að styðja við fólk með sérþarfir og fjölskyldur þess. Sameigendur að húsinu eru, auk Landssamtakanna Þroskahjálpar, Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð, Umhyggja – félag langveikra barna, ADHD-samtökin, auk þess sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur umfangsmikla þjónustu við fötluð börn á jarðhæð hússins. Nokkur aðildarfélög samtakanna eru einnig með skrifstofur sínar í húsinu, þ.e. Einhverfusamtökin, Félag áhugafólks um Downs heilkenni, auk Átaks, félags fólks með þroskahömlun.

Funda- og félagsaðstaða er góð í húsinu. Mötuneyti, rekið af SLF, er sameiginlegt fyrir félögin í húsinu.

Starfsfólk á skrifstofu Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri, er í fullu starfi. Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður samtakanna hefur verið í fullu starfi frá því hún tók við sem formaður á landsþingi samtakanna 2021. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála, var í fullu starfi þar til í lok árs 2023. Þá fór hún í hlutastarf og vann að ýmsum sérverkefnum og hætti síðan störfum 1. ágúst 2023. Anna Margrét Hrólfsdóttir starfaði, sem verkefnastjóri upplýsinga-, kynningar- og gæðamála frá október

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

2022 til október 2023. Anna Lára Steindal, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra barna og ungmenna og fólks af erlendum uppruna hefur verið í fullu starfi. Ásta Friðjónsdóttir, fulltrúi og gjaldkeri, var í 50% starfi en hætti störfum í lok árs 2022, sem og Helga Hjörleifsdóttir, sem hafði í hlutastarfi umsjón með gistiheimili Þroskahjálpar í Melgerði. Kristín Jóhannsdóttir er í hlutastarfi og hefur m.a. umsjón með símsvörun, Daðahúsi og gistiheimili Þroskahjálpar sem og skjalamállum samtakanna. Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, verkefnastjóri reksturs, hefur verið í fullu starfi frá áramótum 2021–2022. Hanna Björk Kristinsdóttir hefur verið í hlutastarfi sem bókari Þroskahjálpar og tók við því starfi af Sigrúnu Hjörleifsdóttur. Símon Gísli Ólafsson er í 100% starfi sem umsjónarmaður fasteigna samtakanna og viðhalds þeirra og falla verkefni hans flest undir húsbyggingasjóð samtakanna. Sajjad Hussein hefur verið í tímabundnu hlutastarfi, sem aðstoðarmaður við viðhald fasteigna samtakanna frá maí 2023. Ástrós Jónsdóttir aðstoðarkona við ýmis störf í húsinu en stefna samtakanna og annarra félaga í húsinu er að í því starfi fatlaður einstaklingur sem aðstoðar öll félögin þar.

Þá sinnir eftirtalið starfsfólk Þroskahjálpar verkefnum, sem styrkt eru annars vegar af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og/eða mennta- og barnamálaráðuneytinu og hins vegar af Vinnumálastofnun. Sara Dögg Svanhildardóttir er í 80% starfi sem verkefnastjóri samhæfingar námsframboða og atvinnutækifæra, Haraldur Civelek er í fullu starfi og sinnir einkum verkefnum tengdum auðlesnu máli og miðstöð um auðlesið mál, Katarzyna Beata Kubiś er í fullu starfi sem verkefnastjóri í málefnum fatlaðra barna af erlendum uppruna. Sunna Dögg Ágústsdóttir er í hlutastarfi sem verkefnastjóri ungmennaráðs Þroskahjálpar, Arna Sigríður Albertsdóttir er í hlutastarfi sem verkefnastjóri heilsueflingarverkefnis.

Átak, félag fólks með þroskahömlun, er einnig með starfsaðstöðu í rými Þroskahjálpar á Háaleitisbraut 13. Birna Guðmundsdóttir tók við sem starfsmaður Átaks í byrjun árs 2022. Birna fór í fæðingarorlof á tímabilinu og hefur Branddís Ásrún Snæfríðardóttir leyst Birnu af sem aðstoðarkona Átaks meðan hún er í fæðingarorlofinu.



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þá er ótalið allt það fólk sem vinnur margvísleg ólaunuð störf í þágu samtakanna, s.s. með setu í stjórnnum og nefndum eða með því að taka að sér að flytja fyrirlestra, mæta á fundi og sinna öðrum þess háttar verkefnum fyrir samtökin. Þessi störf eru samtökunum ómetanleg og er öllum sem þeim sinna þeim störfum þakkað kærlega fyrir þeirra afar mikilvæga og góða framlag.

Fjármál

Fjárhagslegur undirstöður samtakanna hafa styrkst nokkuð síðastliðin ár. Fjáröflunarleiðir hafa verið fjölbreyttar. Auk sölu almanaks hefur árlega verið safnað einkiptisstyrkjum og hefur það skilað umtalsverðum tekjum. Þær styrkjasafnanir hafa Markaðsmenn annast fyrir samtökin. Samtökin hafa einnig samið við fyrirtækið Miðlun um söfnun frá aðilum sem leggja til styrk mánaðarlega og hefur það gengið vel.

Með því að fjölga þannig fjáröflunarleiðum samtakanna er skotið traustari stöðum undir fjárhag þeirra bæði til almenns reksturs og fjármögnunar á ýmsum verkefnum sem samtökin hafa staðið að.

Upplýsingagjöf

Með tilurð ráðgjafarmiðstöðvarinnar Sjónarhóls ses. sem Þroskahjálp á aðild að, færðist að stærstum hluta frá samtökunum sú einstaklingsbundna foreldraráðgjöf sem Þroskahjálp í samvinnu við Ás Styrktarfélag hafði staðið fyrir allt frá árinu 1995.

Samtökin hafa því einbeitt sér meir að því að vinna að almennri hagsmunagæslu og réttindabótum fyrir fatlað fólk almennt og fötluð börn og fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir sérstaklega. Til skrifstofu samtakanna leita eftir sem áður fjölmargir fatlaðir einstaklingar aðstandendur, námsmenn,

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

opinberir aðilar o.fl. til að fá leiðbeiningar, upplýsingar af ýmsum toga, stuðning og/eða til að benda á brotalamir varðandi þjónustu við fatlað fólk.

Af þessu leiðir að upplýsingar um ástand á þessu málavíði berast samtökunum með beinum hætti og gerðar eru þær væntingar til samtakanna að þar sé saman komin mikil þekking á þessu málavíði. Starfsmenn samtakanna verða því að hafa víðtæka þekkingu á réttindum og þjónustu fyrir fatlað fólk og hvað sé helst að gerast á þessu málavíði bæði héraendis og erlendis.

N.S.R. (Norræna samvinnuráðið um málefni fólks með þroskahömlun)

Þroskahjálp hefur nánast frá stofnun tekið virkan þátt í samstarfi með systursamtökum sínum annars staðar á Norðurlöndum. Það samstarf hefur verið samtökunum nauðsynlegt og skilað margvíslegum árangri, m.a. hvað varðar hugmyndafræði og þjónustutilboð. Haldnir hafa verið 1-2 fundir á ári hverju í löndunum til skiptis. Fundi þessa sækja yfirleitt formaður samtakanna og formaður Átaks og að auki hafa aðrir fulltrúar félaganna farið á suma þessara funda, auk starfsfólks Átaks.

Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar

Landssamtökin Þroskahjálp reka húsbyggingasjóð sem byggir og kaupir íbúðir sem eru leigðar fötluðu fólki.

Markmið sjóðsins er að greiða fyrir að sveitarfélög standi betur og fyrr við lagalegar skuldbindingar sínar um að sjá fötluðu fólki fyrir hentugu húsnæði fyrir leigugjald sem það ræður við.

Húsbyggingasjóður á nú og rekur um 90 íbúðir á nokkrum stöðum á landinu sem leigðar eru fötluðu fólki samkvæmt ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga.



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn húsbýggingarsjóðs:

Friðrik Sigurðsson formaður

Atli Rafn Kristinsson

Björn Rúnar Guðmundsson

Jarþrúður Þórhallsdóttir

Sigrún Broddadóttir

Framkvæmdastjóri Þroskahjálpar er jafnframt framkvæmdastjóri húsbýggingarsjóðs.

Gistiheimilið Melgerði 7 / Engjapingi 5–7 í Kópavogi

Samtökin hafa frá árinu 2005 séð um rekstur gistiheimilisins að Melgerði 7. Þar hefur verið aðstaða fyrir aðstandendur fatlaðra barna utan af landi til að dveljast með börn sín þegar þau þurfa að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið, t.d. til sérfræðilækna eða til ráðgjafar- og greiningastöðvar.

Samtökin seldu í byrjun árs 2023 húsið í Melgerði og keyptu í þess stað íbúð í Engjapingi 5-7 í Kópavogi. Íbúðin er falleg, fullútbúin og aðgengileg í litlu fjölbýli á fallegum stað rétt ofan við Elliðavatn. Íbúðin er búin fjórum rúmum, þ.a. einu sjúkrarúmi. Íbúðin er lánuð einni fjölskyldu í senn, endurgjaldslaust.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggur til styrk vegna þessarar þjónustu Þroskahjálpar.

Til að fá íbúðina lánaða eða fá frekari upplýsingar varðandi hana má senda póst á netfangið throskahjalp@throskahjalp.is

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Daðahús á Flúðum – Orlofshús Þroskahjálpar

Um áramótin 2010-11 tóku samtökin við sumarhúsi sem áður var í eigu sumar-
bústaðasjóðs Kópavogshælis. Hús þetta sem er að Akurgerði 10, Flúðum, var afhent
samtökunum að gjöf og án kvaða. Húsið er 132 m² að stærð, með 5 herbergjum.
Aðgengi er gott og aðbúnaður góður.

Stjórn Þroskahjálpar ákvað að skipa húsinu sérstaka stjórn, og er Sigmundur
Stefánsson formaður stjórnar. Húsið hefur verið fullnýtt á sumrin og flestar helgar
allt árið.

Á þessum hlekk má nálgast frekari upplýsingar um Daðahús:

www.throskahjalp.is/is/samtokin/dadahus

Niðurlag

Hér að fram hefur verið dregið á nokkur atriði í starfsemi skrifstofu
samtakanna. Stærsti hluti af starfi framkvæmdastjóra er fólgin í því að
vinna að ýmsum verkefnum sem formaður stjórnar og stjórn og fram-
kvæmdaráð samtakanna fela honum. Hér er um að ræða upplýsinga-
öflun af ýmsum toga, eftirrekstur mála, samskipti við stjórnvöld,
umsagnir og álitsgjöf og fleira þess háttar og síðast en ekki síst daglegur
rekstur skrifstofunnar og undirbúningur funda o.þ.h.

Þá er framkvæmdastjóri eins og fyrr sagði jafnframt framkvæmdastjóri
húsbyggingasjóðs samtakanna sem á nú og rekur um 90 íbúðir, sem leigðar eru
fötluðu fólki en meginþungi þeirra verkefna eru þó hjá Símoni, umsjónarmanni
með fasteignum Þroskahjálpar og Þórarni, verkefnastjóra reksturs. Sjóðurinn
er nú að hefja byggingu kjarna með fimm íbúðum í Mosfellsbæ og mögulega verða
keyptar 2–4 íbúðir á fleiri stöðum á næstunni.

Árni Múli Jónasson

framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

ÁS STYRKTFÉLAG

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skýrsla Áss styrktarfélags á aðalfund Landssamtakanna Þroskahjálpar 21. október 2023

Frá hausti 2021 einkenndist starf félagsins í fyrstu af áframhaldandi viðbrögðum við COVID-19. Áhersla var lögð á samskipti á Teams og öðrum rafrænum samskiptaleiðum bæði í innlendum og erlendum verkefnum. Áskoranir lágu bæði hjá starfsmönnum og leiðbeinendum en aðlögun að þessu leiti gekk vel og verður henni haldið áfram til aukinnar tækniþekkingar fyrir hópinn er við styðjum og þjónustum.

Öll sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu eru með þjónustusamninga við félagið bæði er varðar búsetuþjónustu, vinnutengd verkefni og þjónusta við börn á Lyngási.

Project SEARCH er einkaleyfiskennt verkefni sem hófst með tilstyrk Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnu- markaðsráðherra, að hausti 2022, þegar 6 starfsmenn hófu 9 mánaða starfsnám á Landsspítala sem er samstarfsaðili okkar í verkefninu. Ás styrktarfélag er fyrst félaga á Norðurlöndum til að hefja þessa vegferð til aukinnar færni fólks með þroska- hömlun til vinnu á almennum vinnumarkaði. Vel gekk og annað starfsárið hófst í lok ágúst 2023 með 8 starfsmönnum sem tileinka sér starfsreynslu á hinum ýmsu starfsstöðum Landspítala sem áfram er okkar samstarfsaðili.

Aðalfundur félagsins 2023 var haldinn að venju í mars. Stjórn félagsins er óbreytt milli ára.

Stjórn

Þórður Höskuldsson formaður

Karl Þorsteinsson varaformaður

Erlendur Magnússon ritari

Guðbjörg Magnúsdóttir gjaldkeri

Anna María Magnúsdóttir meðstjórnandi

Jónína Snorradóttir meðstjórnandi

Ragnheiður Sigmarsdóttir meðstjórnandi

Varamenn í stjórn

Bjarni Þór Bjarnason

Ellen Tryggvadóttir

Sveinn Bjarnason

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórnin er eingöngu skipuð aðstandendum. Stjórnarmenn þekkja á eigin skinni hvaða þjónustu er þörf fyrir, auk þess að berjast fyrir hagsmunum fólks með þroskahömlun og taka virkan þátt í starfi bæði ÖBÍ og Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Upplýsingar um starfsemi Áss styrktarfélags er að finna á vef þess:

www.styrktarfelag.is

Má þar finna upplýsingar um í hverju þjónusta félagsins felst sem og þau verkefni sem það beitir sér fyrir. Lagt er upp úr að vinna í anda frumkvöðlahugsunar og nýsköpunar að hverjum þeim verkefnum sem félagið tekur sér fyrir hendur.

Dóra Þórarinsdóttir

framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags

ÁTAK

**FÉLAG FÓLKS
MEÐ ÞROSKAHÖMLUN**



Félag fólks með þroskahömlun

SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA

Skýrsla stjórnar 2021–2022

Átak – félag fólks með þroskahömlun hefur starfsaðstöðu að Háaleitisbraut 13 á 3. hæð. Þar hefur verkefnastjóri vinnuástöðu og getur tekið á móti stjórnarmeðlimum, hvort sem það er á fundi eða í spjall.

Birna Guðmundsdóttir starfaði sem verkefnastjóri og aðstoðarmaður stjórnar í 50% starfi frá janúar til nóvember 2022 en þá fór hún í fæðingarorlof. Branddís Ásrún Snæfríðardóttir tók við af henni í nóvember en Birna kemur úr fæðingarorlofi í janúar 2024.

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 2021–2022

Starfsárið mótaðist mikið af COVID-19–heimsfaraldrinum. Fyrirverandi verkefnastjóri, Dána Sjöfn Jóhannsdóttir, var í fæðingarorlofi þar til í ágúst 2021.

Aðalfundur var haldinn í september 2021 en hann hafði áður verið haldinn í maí. Ástæða þess var COVID-19 faraldurinn.

Í janúar 2022 tók Birna Guðmundsdóttir við af Diónu Sjöfn.

Starfið í Átaki 2021–2022

COVID-19 mótaði starfsárið mikið. Þrátt fyrir það gerðu öll sitt besta og náðu að halda uppi einhverju starfi og fræðslu.

Stjórn

Haukur Guðmundsson formaður

Jónína Rósa Hjartardóttir varaformaður

Sunnefa Gerhardsdóttir gjaldkeri

Atli Már Haraldsson

Sveinbjörn Benedikt Eggertsson

Varastjórn

Gísli Björnsson

Helga Pálína Sigurðardóttir

Inga Hanna Jóhannesdóttir



Félag fólks með þroskahömlun

SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA

Haustið 2021 var unnið að viðtölum og myndböndum fyrir alþingiskosningar. Átak fékk jákvæð viðbrögð frá flokkunum. Fékk frambjóðendur í viðtöl um málefni fatlaðra, myndböndin má nálgast á Facebook og Youtube. Í maí 2022 tók Átak síðan viðtöl fyrir borgarstjórnarkosningar með svipuðu sniði.

Átak hélt erindi um réttindabaráttu fyrir Þroskaþjálfafélag Íslands og erindi um félagið og málefni fatlaðra í Listaháskóla Íslands.

Vegna COVID-19 var ekki hægt að halda Frikkann og jólagleði Átaks í persónu og því var viðburðinum streymt á netinu. Gerður Aagot Árnadóttir og Helga Gísladóttir fengu Frikkaverðlaunin.

Í mars fundaði Þórdís Kolbrún Gylfadóttir utanríkismálaráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson með Átaki og öðrum félögum. Rætt var um stöðu fatlaðs fólks í Úkraínu og Átak tók þátt í neyðarsöfnun.



Félag fólks með þroskahömlun

SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA

Skýrsla stjórnar 2022–2023

Snöggar starfsmannabreytingar höfðu sín áhrif á starfið. Birna Guðmundsdóttir starfaði, eins og áður kom fram, þar til nóvember 2022 en þá tók Branddís við. Þessi skipti áttu ekki að eiga sér stað fyrr en í janúar 2023.

Stjórn félagsins fundaði aðra hvora viku í klukkustund í senn. Þar voru málefni líðandi stundar rædd, viðburðir skipulagðir og verkefnum dreift á milli aðila.

Stjórn félagsins var öflug í að auglýsa viðburði. Facebook-viðburðum var vel dreift á samfélagsmiðlum Átaks, til vina og vinnufélaga, og í gegnum tölvupóst á hina ýmsu staði.

Félagið fékk styrki frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, bæði rekstrar- og verkefnastyrk. Styrkupp hæðin var hærri en síðustu ár sem kom sér afar vel. Verkefnastyrkurinn verður nýttur haustið 2023 fram á vor 2024 í sjálfsstyrkingar- og framkomunámskeið fyrir valið félagsfólk Átaks auk þess sem ungmennaráði Þroskahjálpar er boðið að koma á námskeið.

Starfið í Átaki 2022–2023

Haustið 2022 var vel nýtt, Birna starfsmaður Átaks fór ásamt Ingu Hönnu stjórnarmeðlimi Átaks og Unni Helgu, formanni Landssamtakanna Þroskahjálpar, á ráðstefnu í Brussel. Hún var á vegum samtakanna Inclusion Europe og bar nafnið End Segregation, eða Bindum enda á aðskilnað.

Stjórn

Haukur Guðmundsson formaður

Jónína Rós Hjartardóttir varaformaður

Atli Már Haraldsson

Inga Hanna Jóhannesdóttir

Sunnefa Gerhardsdóttir

Sveinbjörn Eggertsson

Varastjórn

Gísli Björnsson

Dagný Kristjánsdóttir



Félag fólks með þroskahömlun

SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA

Þann 17. til 20. apríl sótti Átak ráðstefnuna Inclusion Nordic í Finnlandi. Haukur Guðmundsson formaður fór ásamt Branddísí starfsmanni Átaks og með í för var Anna Margrét starfsmaður Þroskahjálpar.

Þetta voru áhugaverðir og skemmtilegir dagar þar sem hópurinn kynntist öðru baráttufólki frá norðurlöndunum og fræddist um baráttumál þeirra.

Átak tók þátt á málþingi Þjóðleikhússins um samfélagsleg áhrif birtingarmynda í sviðslistum. Ólafur Snævar Aðalsteinsson, félagsmaður í Átaki og leiklistarmaður, flutti ræðu fyrir hönd Átaks en Haukur Guðmundsson formaður Átaks var fundarstjóri ásamt Margréti M. Norðdahl.

Haldin var ritsmiðja fyrir félagi Átaks sem var nafnið Leikur að skrifum, í umsjón Sunnu Dísar Másdóttur. Stuttu eftir ritsmiðjuna var haldið fræðslukvöld fyrir félagsfólk um rafræn skilríki. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir sá um þá fræðslu.

Frikkinn og jólaskemmtunin voru á sínum stað. Í þetta skipti var Frikkinn veittur Margréti M. Norðdahl. Forseti Íslands var á staðnum og sagði nokkur orð, Halldór Gunnarsson spilaði á píanó og prestur fatlaðra var með hugvekju fyrir viðstadda.

Eftir áramót fór starfið fremur hægt af stað en fyrsti viðburður ársins var bingó. Það var gríðarlega vel sótt og gekk vel.

Síðasti viðburður vorsins 2023 var fræðslu- og handavinnukvöld Átaks. Þar kynntu Kristín Björnsdóttir og Ragnar Smáráson niðurstöður rannsóknar sinnar um fatlað fólk og COVID-19 heimsfaraldurinn.

DOWNS FÉLAGIÐ



DOWNS-FÉLAGIÐ

SKÝRSLA FORMANNS

Samantekt fyrir starfsárin 2021–2022

Félag áhugafólks um Downs heilkenni var stofnað árið 1997 með það að markmiði að stuðla að velferð og réttindum einstaklinga með Downs heilkenni og að standa að fræðslu til almennings og félagsmanna.

Félagið heldur út heimasíðu, **downs.is** auk þess að halda úti síðum á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram. Allt starf félagsmanna í þágu félagsins er unnið í sjálfboðavinnu.

Stjórn

Starfsárið 2021 var í stjórn Íris Björk Indriðadóttir, hún gaf ekki kost á sér til endurkjörs og í hennar stað var kjörin í stjórn Jóna María Ásmundsdóttir.

Stjórn hefur fundað reglulega á tímabilinu, bæði með hitting sem og í fjarfundi.

Starfið

Árið 2021 var markað af áhrifum COVID og voru áhrifin á starfsemi félagsins mikil og þá sérstaklega varðandi samveru félagsmanna. Fastir viðburðir eins og samvera og skemmtun á Alþjóðlegum degi Downs heilkennis þann 21. mars og jólaball félagsmanna, þeir atburðir voru felldir niður.

Stjórn

Guðmundur Ármann Pétursson *formaður*

Magnea Lilja Þorgeirsdóttir *gjaldkeri*

Karen Dagmar Guðmundsdóttir

Sólný Pálsdóttir

Össi Árnason



DOWNS-FÉLAGIÐ

SKÝRSLA FORMANNS

Þessum sömu atburðum var af miklum krafti fagnað árið 2022, enda var uppsöfnuð þörf félagsmanna fyrir samveru orðin mikil og metþátttaka á báðum viðburðum.

Mikil vinna síðustu stjórna og formanna hefur farið í málefni er varða fósturskimanir og upptöku NIPT. Hefur stjórn lagt mikla vinnu í þetta málefni bæði til að kynna það almenning og gagnvart stjórnvöldum. Fundað hefur verið með tveimur heilbrigðisráðherrum, með félagsmála- og forsætisráðherra með landlækni auk annarra aðila.

Forseti Íslands tók á móti fulltrúum félagsins á Bessastöðum í tilefni af alþjóðadegi Downs heilkennis og vakti sú heimsókn verðskuldaða athygli. Bæði kom til viðtal við forseta og færsla forseta á samfélagsmiðilinn Facebook sem vakti mikla og jákvæða athygli, en þar var forseti mjög skýr í afstöðu sinni gagnvart Downs heilkenninu og mikilvægi þess að einstaklingar með Downs heilkenni væru hluti margbreytileika í íslensku samfélagi.

Fjölmiðlar sýndu deginum mikinn áhuga og var langt viðtal við formann félagsins í *Í bítinu* á Bylgjunni sem og í Síðdegisúthvarpi Rásar 2. Ríkissjónvarpið mætti til samveru félagsmanna myndaði og tók viðtöl við félagsmenn sem stóðu sig með miklum sóma og kom umfjöllunin í fréttatíma RÚV um kvöldið. Stöð 2 mætti einnig til samverunnar og var bein útsending inn í fréttatíma Stöðvar 2 frá samveru félagsins í Þróttaraheimilinu.

Össi Árnason stjórnarmaður mætti í þáttinn *Segðu mér* á Rás 2 og var þar í eftirminnilegu viðtali.

Án efa var þó eitt það eftirminnilegasta sem gert var í tilefni af alþjóðadeginum framtak Kastljóss á RÚV, en þau buðu Finnboga Erni að vera einn dagskrárgerðarmanna í Kastljósi þann 21.3. Finnbogi er vanur og kann til verka enda hefur hann verið með innlegg um fréttatengd mál undir heitinu *Fréttir með Finnboga*. Finnbogi stóð sig frábærlega, fékk Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra til sín í viðtal og ræddi m.a. við hana um stöðu fatlaðs flóttafólks.



DOWNS-FÉLAGIÐ

SKÝRSLA FORMANNS

Fundað var með formanni og framkvæmda-stjóra EDSA sem eru Evrópusamtök Downs félaga. Var rætt um stöðuna og helstu hagsmunamál einstaklinga með Downs í Evrópu, stöðuna á Íslandi og möguleg tækifæri í alþjóðlegum samstarfi.

Október er alþjóðlegur mánuður vitundar-vakningar Downs heilkennis. Af því tilefni hefur félagið útbúið myndir með hvatningu og fróðleik til deilingar inn á samfélagsmiðla og komið þeim á framfæri jafnt og þétt yfir mánuðinn.

Sólný Pálsdóttir stjórnarmaður hefur verið með erindi og fræðslu, sérstaklega er varðar þátttöku einstaklinga með Downs og fatlaðs fólks í íþróttum. Einnig hefur hún verið með fræðslu á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar um upplifun móður.

Óskað var eftir að formaður félagsins yrði með erindi á vorráðstefnu Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. Erindið bar yfirskriftina *Fögnum fjölbreytileikanum*. Var fjallað um fósturskimanir og inngildandi samfélag.

Félagið fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að gera nýja heimasíðu og stendur vinna við nýja heimasíðu yfir.

Félagið á í góðu samstarfi við Ráðgjafar- og greiningarstöð og var fundað með fulltrúum þess þar sem rætt var um fræðslumál og leiðir til aukinnar samvinnu og samstarfs.

Fjárhagur

Fjárhagsstaða félagsins er góð. Tekjur félagsins eru félagsgjöld og styrkir. Áheitasöfnun í Reykjavíkumaraþoni er mikilvæg félaginu og eru þeim sem hlaupið hafa í þágu félagsins og þeim sem styrktu félagið færðar þakkir fyrir mikilvægan stuðning.



DOWNS-FÉLAGIÐ

SKÝRSLA FORMANNS

Aðild & samstarf

Félagið er aðildarfélag Landssamtakanna Þroskahjálp sem og aðildarfélag Evrópusamtaka Downs féлага (EDSA).

Að lokum

Yfirstandandi starfsár hafa verið félaginu góð. Félagsmenn eru loks farnir að hittast á ný og samverur eru haldnar. Það er þó þörf á auknum tækifærum til samveru bæði meðal einstaklinga með Downs heilkenni sem og aðstandenda.

Umtalsverð umfjöllun hefur verið um Downs heilkennið og mál því tengt og hefur sú umfjöllun haft jákvæð og uppbyggileg áhrif.

Verkefnin eru fjölmörg og tækifærin einnig.

F.h. Félags áhugafólks um Downs heilkennið,

Guðmundur Ármann Pétursson

formaður

EINHVERFU- SAMTÖKIN

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi Einhverfusamtakanna frá september 2021 til september 2023

Skrifstofan

Sigrún Birgisdóttir framkvæmdastjóri og Guðlaug Svala Kristjánsdóttir verkefnastjóri fræðslu starfa á skrifstofu Einhverfusamtakanna. Töluvert er leitað til starfsmanna eftir upplýsingum um leiðir til að fá greiningu og fræðslu. Einnig er fólk að leita eftir aðstoð sálfræðinga og geðlækna en erfitt er að fá slíka þjónustu.

Sigrún og Guðlaug hafa tekið þátt í undirbúningsvinnu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og einnig hafa þær tekið þátt í vinnu varðandi aðgengi fyrir öll á vegum framkvæmdasýslu ríkisins. Funduðu þær með geðheilsuteymi taugaproskaraskana og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna slæmrar stöðu þegar kemur að þjónustu fyrir einhverft fólk í geðheilsukerfinu. Einnig sátu þær fund í menntamálaráðuneyti vegna vinnu við gerð viðbragðsáætunar vegna alvarlegra atvika sem geta komið upp í skólastarfi.

Ýmiss önnur verkefni hafa ratað á borð starfsmanna.

Stjórn

Svavar Kjarrval formaður

Agnes Braga Bergsdóttir varaformaður

Laufey Eyþórsdóttir ritari

Sólveig Sigurvinsdóttir gjaldkeri

Hildur Valgerður Heimisdóttir

Varamenn í stjórn

Óskar Guðmundsson

Aðalheiður Aðalheiðardóttir

SKÝRSLA FORMANNS

Nýjung í starfi

Guðlaug Svala Kristjánsdóttir sinnir nú ráðgjöf til einstaklinga á einhverfurófi og aðstandenda þeirra á skrifstofu Einhverfusamtakanna tvo daga í viku. Mikil ásókn er í þessa þjónustu og fullbókað allt að tvo mánuði fram í tímann. Einhverfuráðgjöfin byggir á grunni skynsegin hugmyndafræðinnar sem gerir ráð fyrir því að einhverfa sé eðlilegur hluti mannrófsins og laga þurfi umhverfið að þörfum einhverfra frekar en öfugt.

Fundir/fræðsla

Guðlaug Svala hefur farið með fræðslu inn í skóla á stórhöfuðborgarsvæðinu og einnig verið með fræðslu á landsbyggðinni. Fyrirtæki og stofnanir hafa einnig verið að fá fræðslu inn til sín, t.d. félagsþjónustan í Reykjavík, Grensásdeild, SÁÁ, Geðdeild og fleiri aðilar. Reykjanesbær keypti fræðsluröð af samtökunum og einnig var haldið foreldranámskeið hér á höfuðborgarsvæðinu í vor. Erum við nú að þjálfa fleira einhverft fólk til að sinna fræðslunni.

Einverfusamtökin tóku þátt í Fundi fólksins 2022 og 2023 með kynningarbásun og fyrirlestrum. Voru fyrirlestrarnir vel sóttir og margir að fylgjast með í streymi.

Stuðningshópar

Einverfusamtökin reka stuðningshópa fyrir ungmenni og fullorðna á einhverfurófi og aðstandendur. Á Akureyri eru tveir hópar starfandi, frístundahópur fyrir unglinga og spjallhópur fyrir fullorðna en á höfuðborgarsvæðinu eru þeir fjórir, frístundahópur fyrir unglinga, kvennahópur, blandaður hópur og handavinnuhópur sem er nýjung. Einnig er starfandi á höfuðborgarsvæðinu spjallhópur fyrir foreldra og aðstandendur. Þessir hópar hittast allir mánaðarlega yfir vetrartímann.

SKÝRSLA FORMANNS

Norrænt samstarf

Í september 2021 var haldinn samnorrænn fundur Eistlandi og í september 2022 var haldinn samnorrænn fundur í Finnlandi. Guðlaug og Sigrún sóttu þessa fundi. Fjallað var um geðheilbrigðismál. Farið var yfir stöðuna í málaflokknum þegar kemur að einhverfu fólki í hverju landi fyrir sig og svo voru geðheilbrigðismálin rædd. Í raun er staðan slæm hjá öllum og okkar hópur utan kerfis hvað þjónustu varðar.

Marglitur mars

Marglitur mars er nýtt verkefni hjá Einhverfusamtökunum sem er vonandi búið að festa sig í sessi. Í mars 2022 og einnig í mars á þessu ári kynntum við einhverft listafólk og þeirra listsköpun á netmiðlum. Á alþjóðlegum degi einhverfu 2. apríl bæði árin héldum við svo listsýningu með verkum og flutningi listafólksins sem kynnt var í mars. Sýningarnar voru haldnar í Hamrinum ungmennahúsi í Hafnarfirði og voru mjög vel sóttar. Undirbúningur og ut anumhald var í höndum einhverfs fólks. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og gesta sýninganna.

Annað samstarf

Einhverfusamtökin eru aðili að Landssamtökunum Þroskahjálp, ÖBÍ og Autism Europe. Sigrún Birgisdóttir situr fyrir hönd samtakanna í stjórn og framkvæmdaráði Þroskahjálpar. Hjá ÖBÍ erum við með fólk í ýmsu starfi. Óskar Guðmundsson er varamaður í stjórn, Hreiðar Þór Örsted er varamaður í málefnaþópi um aðgengi, Svavar Kjarrval situr í málefnaþópi um atvinnu- og menntamál og Sigrún Birgisdóttir situr í kjörnefnd og er varamaður í málefnaþópi um málefni barna.

Samantekt:

Sigrún Birgisdóttir

framkvæmdastjóri Einhverfusamtakanna

FJÖLMENNT

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNSS

Menntun, valdefling, samstarf, sveigjanleiki

Markmið Fjölmenntar er að bjóða fötluðu fólki fjölbreytta símenntun og ráðgjöf varðandi nám. Jafnframt að stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið.

Fjölmennt er sjálfseignarstofnun í eigu Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ réttindasamtaka sem hvort um sig fara með 50% eignahlut.

Símenntunardeild

Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunardeild og ráðgjafardeild. Námskeiðin eru flest haldin í húsnæði Fjölmenntar að Vínlandsleið 14 en íþróttanámskeið eru haldin í íþróttahúsum og æfingastöðvum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og í boði eru námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Heimilisfræði

Íþróttir og jóga

Mál og samfélag

Myndlist og handverk

Snjalltæki og miðlun

Sjálfstyrking og valdefling

Tónlist og leiklist

Ökunám — fræðilegur hluti námsins

Stjórn

Gerður Aagot Árnadóttir formaður
tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálpar

Kristján Sigurmundsson varaformaður
tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands

Bjargey Una Hinriksdóttir meðstjórnandi
tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands

Sveinbjörn Benedikt Eggertsson
meðstjórnandi
tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálpar

Hróbjartur Árnason meðstjórnandi
tilnefndur af Menntavísindasviði
Háskóla Íslands

Helga Gísladóttir forstöðumaður

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS

Starfsárinu er skipt upp í vorönn og haustönn. Námskeiðin eru mislöng, frá nokkrum vikum og upp í að vera alla önnina. Einnig eru haldin stutt jóla- og sumarnámskeið. Að jafnaði sækja um 350–400 manns nám hjá Fjölmennt á hverri önn.

Í kjölfar úttektar á starfsemi Fjölmenntar var gerð sú breyting að sérstök deild fyrir fólk með geðrænar áskoranir var lögð niður. Námið þótti ekki mæta óskum og væntingum markhópsins. Þeim hópi sem sótti námið er áfram velkomið að sækja námskeið Fjölmenntar þó ekki sé lengur um sérstaka deild að ræða.

Hjá Fjölmennt starfa 20 starfsmenn í föstu starfi í 16 stöðugildum. Að auki eru ráðnir starfsmenn við kennslu og aðstoð í verktöku á hverri önn.

Ráðgjafardeild

Í ráðgjafardeild starfa tveir ráðgjafar í 50% starfi hvor. Þeir veita ráðgjöf til þátttakenda á námskeiðum Fjölmenntar og umboðsmanna þeirra og sjá um kennslufræðilega ráðgjöf. Einnig veita þeir öðrum símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk.

Samvinna og ýmis verkefni

Samvinna við Landssamtökin Þroskahjálp

Í gegnum tíðina hefur verið mikil og góð samvinna við Landssamtökin Þroskahjálp. Árið 2021 tók Fjölmennt að sér að útbúa fræðsluefni um stofnum og starfsemi notendaráða. Nú á haustdögum stendur yfir herferðin Sæti við borðið þar sem fulltrúar frá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, Þroskahjálp og Fjölmennt fara um landið til að kynna notendarád og mikilvægi þeirra. Á þessu ári hefur Fjölmennt í samstarfi við Þroskahjálp unnið að verkefninu Heilsuefling fyrir fólk með þroskahömlun og gerð fræðsluefnis á auðskyldu máli um notendastýrða persónulega aðstoð.

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS

Samvinna Fjölmenntar, Vinnumálastofnunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um atvinnutengt nám

Árið 2022 hófst samvinna þessara þriggja aðila um að koma á fót atvinnutengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun. Þessi vinna fer fram samhliða starfi í nefnd á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk.

Nú stendur yfir vinna við að hanna Menntaský Fjölmenntar. Þar verður hægt að nálgast ýmsa fræðslu á netinu og framsetning efnisins verður einföld og aðgengileg. Verkefnið er unnið með styrk frá ÖBÍ réttindasamtökum.

Samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggð

Fjölmennt gerir samninga við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði.

Helga Gísladóttir
forstöðumaður

SJÓNARHÓLL



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Sjónarhóll er óháð ráðgjafarmiðstöð sem vinnur að því að styrkja og efla einstakar fjölskyldur

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses, tók til starfa árið 2004 og voru stofnfélög Sjónarhóls ADHD samtökin, Landsamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum. Sjónarhóll er til húsa að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík og heldur úti heimasíðunni www.sjonarholl.is

Í stjórn Sjónarhóls sitja fulltrúar eftirfarandi félaga: ADHD samtakanna, Landsamtakanna Þroskahjálpar, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Umhyggju og ÖBÍ réttindasamtaka.

Í starfi Sjónarhóls hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að mikilvægt sé að mæta þörfum barna sem hafa skilgreindar stuðningsþarfir og hefur starfsfólk Sjónarhóls unnið markvisst að því að tengja saman þjónustuveitendur, veita ráðgjöf um hvar þjónustu er að finna og vekja athygli á málum þegar skortur er á þjónustu eða ef þjónusta og stuðningur er ekki að skila sér til þeirra sem á þurfa að halda. Fyrst og fremst hafa það verið foreldrar sem leitast hafa eftir aðstoð hjá Sjónarhóli en margar stofnanir hafa haft það sem hluta af sínum ráðleggingum að hvetja foreldra til að leita ráðgjafar hjá Sjónarhóli. Frá upphafi hefur ráðgjöf Sjónarhóls verið gjaldfrjál. Ráðgjöfin er veitt í síma, með tölvupósti, viðtölum eða á fundum með fleiri aðilum ef þörf er á.

Stjórn

Hrannar Björn Arnarsson *formaður*
ADHD samtökin

Unnur Helga Óttarsdóttir
Landssamtökin Þroskahjálp

Árný Ingvarsdóttir
Umhyggja – félag langveikra barna

Bergljót Borg
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Eva Þengilsdóttir
ÖBÍ réttindasamtök



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Alls hafa frá upphafi yfir 5 þúsund fjölskyldur fengið ráðgjöf hjá Sjórnarhóli og á árinu 2022 bárust 284 erindi til Sjórnarhóls þar sem óskað var eftir ráðgjöf og stuðningi í málefnum barna. Erindi voru með svipuðu sniði og síðustu ár þar sem óskað var eftir m.a. eftir aðstoð í samskiptum við skóla og félagslega kerfið.

Sjórnarhóll hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg og auk þess reitt sig á rekstrarstyrki til starfseminnar frá styrktaraðilum. Árið 2022 voru helstu styrktaraðilar Sjórnarhóls: Reykjavíkurborg, ÖBÍ réttindasamtök, Velferðarráðuneytið og einstaklingar.

Árið 2021 voru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna samþykkt og er lagt upp með að innleiðing á þeim taki 3 til 5 ár. Felst sú innleiðing meðal annars í því að skólar og sveitarfélög hafa nú auknar skyldur til að halda utan og skilgreina þarfir og skipuleggja þjónustu barna með stuðningsþarfir. Hafa í því samhengi m.a. orðið til starfsheiti tengiliða í skólum og málstjóra hjá sveitarfélögum sem eiga að fylgjast með velferð og farsæld barna, meta þörf fyrri þjónustu, bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur og hafa samráð við aðra þjónustuveitendur með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Stjórn Sjórnarhóls fagnar því að hið opinbera ætli að sinna málefnum barna með stuðningsþarfir með þessum hætti. Jafnframt telur stjórn Sjórnarhóls að þessar áherslur undirstriki mikilvægi þess starfs sem Sjórnarhóll hefur sinnt síðustu 20 ár en áherslur í lögum um samþættingu þjónustu eiga um margt sameiginlegt með grunn áherslum Sjórnarhóls. Einnig er það mat stjórnar Sjórnarhóls að full þörf verði áfram fyrir hlutlausan aðila á borð við Sjórnarhól til að koma að málum og styðja við foreldra barna með stuðningsþarfir og flókinn vanda.



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Í upphaf árs 2023 gerði Sjónarhóll samkomulag við Mennta- og barnamála- ráðuneytið til eins árs um að koma á fót Landsteymi á vegum Menntamála- stofnunar og miðla þar af reynslu Sjónarhóls af ráðgjöf og stuðningi fyrir nemendur, foreldra og kennara í krefjandi málum innan skólakerfisins. Landsteymið starfar á grunni nýrra farsældarlaga og samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna. Hjá Landsteyminu geta börn, foreldrar og kennarar og starfsfólk skóla á öllum skólastigum, á einum stað fengið stuðning og ráðgjöf um úrræði, leiðir og lausnir þvert á kerfi.

Sjónarhóll opnaði árið 2023 fræðsluvef þar sem hægt er að nálgast fræðslufni um flest sem viðkemur málefnum barna og fjölskyldna: **www.sjonarholl.is/fraedsla/fraedsluvefur**

Hugmyndin er að þarna verði smá saman hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um ýmis málefni barna með stuðningsþarfir og leiðbeiningar um hvert er hægt að leita innan kerfisins. Vonir standa til að bæta jafnt og þétt við vefinn og þróa hann samhliða ráðgjöf Sjónarhóls og í samstarfi við stofnfélögin og önnur félög sem starfa á vettvangi barna.

Sjónarhóll hefur frá stofnun treyst á stuðning frá bæði opinberum og einkaaðilum til að geta veit gjaldfrjálsa ráðgjöf. Talsverð áskorun hefur þó verið síðustu ár að tryggja starfseminni nægjanlegt fjármagn til að viðhalda og efla starfsemina til lengri tíma þó svo þörfin sé svo sannarlega til staðar.

Bóas Valdórsson

framkvæmdastjóri

**STYRKSTARFÉLAG
LAMÆÐRA
OG FATLAÆÐRA**



STYRKARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársskýrsla Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) var stofnað árið 1952 og hefur allt frá upphafi verið frumkvöðull í þjónustu við fötluð börn og ungmenni. Meginmarkmið félagsins er að stuðla að velferð fatlaðs fólks, einkum barna og ungmenna.

Þungamiðjan í starfsemi félagsins í dag, er rekstur endurhæfingarþjónustu á Æfingastöðinni og sumar- og helgardvalar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal Mosfellsbæ. Auk þess tekur félagið þátt í ýmsu samstarfi og tímabundnum verkefnum. Alls nýta um 1.500 fjölskyldur þjónustu styrktarfélagins á hverju ári.

Í framkvæmdaráði félagsins eiga sæti 15 fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi til þriggja.

Æfingastöðin

Á Æfingastöðinni er veitt fjölskyldumiðuð sjúkra- og iðjuþjálfun þar sem markmiðið er ávallt að efla þátttöku barnsins í daglegu lífi og auka þannig lífsgæði þess og fjölskyldunnar. Þjónustan er fjölbreytt og skipulögð út frá þörfum barnsins. Hún fer ýmist fram á Háaleitisbraut 13, íþróttahúsinu í Strandgötu í Hafnarfirði, í Klettaskóla og öðrum skólum og leikskólum eftir þörfum. Einnig er boðið uppá tíma í sundlaug og íhlutun með aðstoð hesta og hunda auk ýmiskonar ráðgjafar og aðstoðar við hjálpartæki og aðlögun á umhverfi. Á Æfingastöðinni starfa nú 16 sjúkráþjálfarar og 9 iðjuþjálfar ásamt starfsfólki sem aðstoðar við þjálfun og sinnir afgreiðslu- og skrifstofustörfum. Náin samvinna er við taugalækni og bæklunarlækni frá Land-

Stjórn

Hörður Sigurðsson formaður

Baldvin Bjarnason varaformaður

Bryndís Snæbjörnsdóttir

Diljá Ámundadóttir Zoega

Jórunn Edda Óskarsdóttir

Starfsfólk

Kolbrún Kristínardóttir

Gunnhildur Jakobsdóttir

yfirþjálfarar á Æfingastöðinni

Andrea Rói Sigurbjörns

forstöðumanneskja Reykjadal

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir

markaðs- og fjáröflunarstjóri

Sigrún Hjörleifsdóttir

skrifstofustjóri



STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLADRA

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS

spítalanum og þverfaglegar móttökur haldnar með reglulegu millibili á Æfingastöðinni. Samstarf er einnig við gigtarteymi Landspítala og við Sjúkratryggingar Íslands vegna sérhæfðra tjáskiptatækja og umhverfisstjórnunarbúnaðar. Æfingastöðin tekur þátt í norrænu samstarfi í tengslum við þjónustu við börn með CP. Þó mikil meirihluti þeirra sem sækja þjónustu á Æfingastöðina séu undir 18 ára aldri, er þjónustan einnig fyrir ungt fatlað fólk auk þess sem þjálfun fyrir fólk með Parkinson hefur lengi verið starfrækt á Æfingastöðinni.

Reykjadalur

SLF hefur rekið sumardvöl og vetrarstarf í Reykjadal frá árinu 1963. Gestir í Reykjadal eru á aldrinum 7–21 árs og mynda fjölbreyttan hóp barna og ungmenna með ólíkar stuðningsþarfir. Á hverju sumri koma rúmlega 200 börn og ungmenni í Reykjadal til að eiga verðskuldað sumarfrí og mynda dýrmæta vináttu. Sumarbúðirnar hafa það að leiðarljósi að gefa öllum tækifæri til að komast í sumarbúðir þar sem hægt er að njóta sín á eigin forsendum og skapa ógleymanlegar minningar. Helgardvalir hafa verið í Reykjadal bæði á vorin og haustin og hafa um 120 börn og ungmenni nýtt sér það. Undanfarin fjögur sumur hafa Ævintýrabúðir verið starfræktar á vegum SLF í Háholti í Skagafirði. Um var að ræða tímabundið verkefni í samstarfi við félagsmálaráðuneytið (nú barna- og menntamálaráðuneytið) sem einkum var ætlað börnum með ADHD, einhverfu og andlegar áskoranir. Sumarbúðirnar í Háholti hafa notið mikilla vinsælda en óvíst er með framhald á verkefninu. Önnur verkefni voru einnig unnin í samstarfi við ráðuneytið sem höfðu það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum og efla félagsleg tengsl eftir COVID-19 faraldurinn. Þessi verkefni voru m.a. sumarfrí fjölskyldunnar þar sem nokkrar fjölskyldur fatlaðra barna fóru saman í frí með dagskrá í anda Reykjadals og síðsumarsfrí fyrir fullorðið fatlað fólk.



STYRKARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS

Fjármögnun

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra er með þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands um þá heilbrigðisþjónustu sem fram fer á Æfingastöðinni. Fjárveitingar til Reykjadals koma að mestu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk dvalargjalda sem eru þau sömu og í hefðbundnum sumarbúðum. Einnig hafa flest sveitarfélög greitt mótframlag með sínum íbúum. Öll uppbygging á aðstöðu og þróun í starfsemi Æfingastöðvarinnar og Reykjadals er í höndum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Stærstu fjáraflanir á vegum félagsins eru árleg sumar- og jólahappdrætti, útgáfa Kærleikskúlunnar og mánaðarlegir styrktaraðilar eða vinir Reykjadals. Einnig hafa öflugir liðsmenn hlaupið í Reykjavíkumaraþoninu og spilað golf til styrktar félaginu auk þess sem því hafa borist ýmiskonar fjárframlög, vinnuframlög og tækjagjafir frá einstaklingum, félagasamtökum, klúbbum og fyrirtækjum. Þessi velvild er ómetanleg og kunnum við öllum okkar velunnurum bestu þakkir fyrir öflugan stuðning.

Bergljót Borg

framkvæmdastjóri

TMF
TÖLVUMIÐSTÖÐ

SKÝRSLA TMF TÖLVUMIÐSTÖÐVAR

Ársskýrsla TMF

Aðildarfélög TMF Tölvumiðstöðvar eru Blindrafélagið, Landsamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) og Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ).

Félögin eiga fulltrúa í stjórn TMF.

Félagsmálaráðuneytið gerði þjónustusamning við Tölvumiðstöðina (samningur 1998). Með flutningi málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var gert samkomulag um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annist úthlutun og greiðslur framlagsins til TMF Tölvumiðstöðvar.

Starfsmaður TMF er Sigrún Jóhannsdóttir sem er eini starfsmaður TMF Tölvumiðstöðvar.

Ráðgjöf, námskeið og fræðsla

Allt fólk getur leitað til miðstöðvarinnar óháð skerðingu og aldri. Veitt er einstaklingsmiðuð ráðgjöf, fræðsla til minni hópa og haldin námskeið. Ráðgjöf er öllum að kostnaðarlausu.

TMF hannar námskeið og fær fyrirspurnir um að sérsníða námskeið. Námskeið eru haldin í sal að Háaleitisbraut 13 og út í skólum og stofnunum um land allt. Námskeiðin eru ætluð fagfólki, foreldrum, fólki með fötlun og öðrum áhugasömum.

Hægt er að óska eftir námskeiðum sniðnum að þörfum einstakra hópa og panta námskeið út á land.

Stjórn

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formaður
fulltrúi ÖBÍ

Hlynur Þór Agnarsson varaformaður
fulltrúi Blindrafélagsins

Indriði Björnsson ritari
fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar

Helga Guðjónsdóttir meðstjórnandi
fulltrúi SLF

SKÝRSLA TMF TÖLVUMIÐSTÖÐVAR

Nýtt námskeið var hannað á vorönn 2022 sem fékk nafnið Brot af því besta sem er úrval valins efnis úr vinsælustu námskeiðum TMF. Námskeiðið varð afar vinsælt og voru alls haldin átta Brot af því besta námskeið.

Í heild voru haldin þrettán námskeið með fimm námskeiðstitlum á tíma-bilinu maí 2022 til maí 2023. Farið var með námskeið út í skóla og námskeið haldin á TMF Tölvumiðstöð. Einnig voru haldin tvö fjarnámskeið.

Fræðslumyndbönd

Gerð hafa verið nokkur stutt fræðslumyndbönd sem sett voru upp á síðu TMF undir Fræðslumyndbönd.

Alls eru myndböndin orðin tíu talsins.

Starfsmaður TMF leitast við að svara öllum þeim beiðnum um ráðgjöf, fræðslu og kennslu sem berast.

TMF heldur úti Facebook og Instagram síðu.

TÓNSTOFA VALGERÐAR



SKÝRSLA FULLTRÚA KENNARA

Starfsárið/skólaárið 2022 til 2023

Hlutverk Foreldra- og styrktar- félags Tónstofu Valgerðar

Hlutverk Foreldra- og styrktarfélags Tónstofunnar/skólanefndar er að vera stuðningsaðili í öllu starfi hennar.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:

Veita skólastjórnendum aðhald og hollráð
í innra og ytra starfi skólans.

Stuðla að kynningu á starfinu og efla samkennd meðal
nemenda og forráðamanna.

Skólaárið 2022–2023 voru 136 nemendur í Tónstofunni kráðir í grunn- og miðnám í sértækri tónlistarkennslu. Á skólaárinu sóttu tuttugu nemendur námskeiðin Tón-leikur og tuttugu nemendur sóttu námskeiðin Radd-leikur. Sumir þátttakenda Tón- og Radd-leiks sóttu jafnframt einkatíma. Í Bjöllukórnum voru tólf meðlimir og fimm þeirra sóttu einnig einkatíma.

Góðir gestir

Árlega heimsækja Tónstofuna góðir gestir bæði íslenskir og erlendir í þeim tilgangi m.a. að fræða og að fræðast um starfið, mennta sig og kanna samstarfsmöguleika.

Stjórn

Rut Ríkey Tryggvadóttir formaður

Gerður Steinþórsdóttir varaformaður

Gunnhildur Gísladóttir gjaldkeri

Jóhanna Andrea Jónsdóttir meðstjórnandi

Ottó Leifsson meðstjórnandi

Valgerður Jónsdóttir fulltrúi kennara



SKÝRSLA FULLTRÚA KENNARA

Á starfsárinu glöddu eftirtaldir aðilar okkur:

Gestir frá tónlistarskólunum í Stykkishólmi, Ólafsvík og Grundarfirði.

Patxi del Campo frá Instituto Música Arte y Proceso, Spáni, fjallaði um mikilvægi djúphlustunar og umhyggju í öllu starfi með fólki.

Justina Gerulaityte nemi í músíkmeðferð frá Litháen kom í átta vikna starfsnám í Tónstofunni.

Timo Turunto frá Ylä Savo tónlistarskólanum í Finnlandi fræddist um starfið í Tónstofunni en hann langar til að byggja upp sambærilegt starf í Ylä Savo tónlistarskólanum. Nemendur og kennarar Tónstofunnar hafa tekið þátt í Nordplus Junior samstarfi með þessum tónlistarskóla (2016/2017).

Má sjá fallegar myndir og myndbönd frá samstarfinu á heimasíðu Tónstofunnar. Fyrirhugað er frekara samstarf á árinu 2025.

Denis Laborde hjá Haizebegi

Denis Laborde hjá Haizebegi-hátíðinni í Bayonne í Frakklandi og kona hans heimsóttu Tónstofuna mánudaginn 21. ágúst. En þau voru hér á landi í tengslum við Baskasetur sem koma á á fót í gömlu síldarverksmiðjunni og lýsistönkunum í Djúpavík. Þau létu í ljós áhuga á að fá Bjöllumkórinn á Haizebegi-hátíðina á næsta ári. Mögulegt samstarf af einhverju tagi gæti því verið í uppsiglingu.

Tónleikahald og listasmiðjur

Listasmiðjur Tónstofunnar voru vel sóttar.

Dans Afrika Iceland og Duo stemma komu í heimsókn og glöddu með takti og tónum og tvær söngsmiðjur fylltu húsið.



SKÝRSLA FULLTRÚA KENNARA

Tónleikahald var með hefðbundnu sniði. Yfir tuttugu tónleikar bæði á Stórhöfða og í Grafarvogskirkju um jól, að vori og á degi tónlistarskólanna endurspegla framfarir nemendahópsins og mikilvægi þess að vera sýnilegur og fá tækifæri til að gefa af sér.

Bjöllukórinn lék við afhendingu Kærleiksskúlunnar í desember þegar Steinunn Ása Þorvaldsdóttir tók við Kærleiksskúlnni. Bjöllukór Tónstofu Valgerðar hefur leikið við afhendinguna frá árinu 2003 þegar Steinunn Ása sem þá var meðlimur Bjöllukórsins afhenti forseta Íslands fyrstu Kærleiksskúluna.

Tónstofan og Bjöllukórinn var handhafi Kærleiksskúlunnar árið 2010.

Baráttumálin

Skólanefndin heldur áfram að berjast fyrir því að Tónstofa Valgerðar fái réttmætan og sanngjarnan stuðning frá ríki og borg sem endurspeglar lög, reglugerðir og framtíðarsýn stjórnvalda. En langur vegur er frá því að svo sé.

Miðvikudaginn 15. mars síðastliðinn fóru Valgerður og Jóhanna Jónsdóttir stjórnarmeðlimir á fund Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra. En erindi var sent ráðuneytinu í febrúar 2022. Á fundinum gafst loksins tækifæri til að kynna starfsemi Tónstofunnar í máli og myndum og vekja athygli á þeirri mismunun sem nemendur hennar hafa þurft að þola alla tíð. Niðurstöður og svar við óskum Tónstofunnar um fjárhagslegan stuðning vegna kennslu nemenda sem orðnir eru tvítugir liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Tónstofan hefur í fjörgang sótt um stuðning frá ráðuneytinu sem í þrígang hefur hafnað styrkbeiðni. Við bíðum enn vongóð um stuðning í framhaldi af síðustu heimsókn.



SKÝRSLA FULLTRÚA KENNARA

Laugardaginn 18. mars sótti Valgerður formannafund Þroskahjálpar. Þar gafst tækifæri til að kynna baráttumálum aðildarfélaga Þroskahjálpar og jafnframt tækifæri til að kynna starfið í Tónstofunni.

Óskað var eftir þátttöku Valgerðar á fundi allsherjar- og menntamálanefndar og menntamálanefndar Alþingis þriðjudaginn 28. mars. Á fundinum var fjallað um tillögu til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árið 2023–2030, 689. mál. Um er að ræða stefnumótandi plagg með það að markmiðið að styðja við tónlist sem listgrein, tónlistarfólk og aðra sem starfa við tónlist. Auk þess er markmiðið að tryggja inngildinguna og aðgengi almennings að tónlist og tónlistarmenntun. www.althingi.is/alttext/153/s/1060.html

Valgerður hafði sent athugasemdir/ábendingar við tillöguna þ.e.

Markmið 1.3. Tónlistarmenntun verði fjölbreytt og af miklum gæðum;

Markmið 1.3.2. Átak verði gert í nýliðun tónlistarkennara;

Markmið 1.3.4. ...stuðningur við verkefni sem miða að því að auka aðgengi og áhuga barna á tónlist og tónlistarsköpun.

Skólaárið hófst án þjónustusamnings við Skóla- og frístundasvið. Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um aldursviðmið tóku gildi 29. júní sl. og ná til neðri stiga tónlistarnáms. Kveðið er á um að ekki verði greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en 18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Mosfellsbær og Hafnarfjarðarbær greiða ekki lengur með nemendum í Tónstofunni sem eru 18 ára og eldri.

Tónstofan fékk loks að undirrita þjónustusamning við skóla- og frístundasvið þann 1. september sl. Samningurinn gildir í eitt ár og er óbreyttur frá fyrri árum.



SKÝRSLA FULLTRÚA KENNARA

Tónstofan fær undanþágu frá nýjum reglum um aldursviðmið á meðan verið er að vinna að útfærslu þjónustusamnings, þ.e. hugsanlegri aðkomu ríkis, skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs borgarinnar.

Skólanefndin hefur því tímabundið stigið til hliðar í baráttunni þar sem skóla- og frístundasvið óskaði eftir því að hafa forystuna í að finna lausn.

Skólanefndin mun þó halda hlutaðeigandi upplýstum og vakandi við borðið.

Það væri óskandi að Landssamtökin Þroskahjálp sæju sér fært að styðja við bakið á Foreldra- og styrktarfélaginu með einum eða öðrum hætti í þessari baráttu.

Með kveðju, góðum óskum og þakklæti fyrir vel unnin störf í baráttunni fyrir jafnrétti.

**Foreldra- og styrktarfélag
Tónstofu Valgerðar**

ÞROSKAHJÁLP Á NORÐURLANDI

SKÝRSLA FORMANNS

Þroskahjálp á Norðurlandi

Vel hefur gengið að manna stjórnina en allir stjórnarmeðlimir voru tilbúnir að starfa með okkur áfram á síðasta aðalfundi, sem við erum virkilega ánægð með.

Enginn almennur félagafundur hefur var haldinn á árinu en mjög dræm mæting hefur verið á félagafundi s.l. ár.

Haldnir voru reglulegir stjórnarfundir, tæknin nýtt og bæði hittumst við á zoom og tókum hittinga.

Formannafundur og Landsþing Landssamtakanna

Formannafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar var haldinn í mars s.l. en því miður þá sá enginn af okkur í stjórninni okkur fært að mæta. Sif og Rósa Ösp mættu á Landsþingið fyrir árið síðan.

Akureyrarhátíð og Þorrablót

Við héldum pizzuball í haust sem var mjög vel sótt en við tókum þá ákvörðun að sleppa því að halda þorrablót, ástæðan er m.a. vegna þess að þetta hefur verið dýr liður í útgjöldum hjá okkur. Við stefnum frekar á að halda veglegra pizzuball 2 svar á ári.

Stjórn

Sif Sigurðardóttir formaður

Esther Gestsdóttir varaformaður

Elín Lýðsdóttir gjaldkeri

Elísabet Gunnarsdóttir

Rósa Ösp Traustadóttir

Varastjórn

Vera Kristín Vestmann

Hrafnhildur Jónsdóttir

Katrín Árnadóttir

SKÝRSLA FORMANNS

Samráðshópur Akureyrarbæjar

Við eigum sæti í Samráðshóp Akureyrarbæjar um málefni fatlaðra, með okkur í þessu ráði eru önnur hagsmunafélög, Grófin og Sjálfsbjörg. Fundir voru haldnir á ca. 6 vikna fresti.

Botn

Í fjórða sinn var sumardvöl á Botni núna s.l. sumar og er það Bergljót Snorradóttir sem hefur tekið Botn á leigu hluta af sumrinu og rekið þar sumardvöl fyrir fatlaða einstaklinga og gekk það mjög vel. Hægt er að leigja Botn allt árið um kring, Botn er sumarhús í eigu Þroskahjálpar á Norðurlandi Eystra, á Botni eru 7 herbergi og er húsið vel búið bæði með góðu aðgengi og í nokkrum herbergjum er sjúkrarúm.

Sif Sigurðardóttir

formaður

ÞROSKAÐJÁLFA- FÉLAG ÍSLANDS



SKÝRSLA FORMANNS

Áræðni, framþróun, sveigjanleiki

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundar reglulega, stjórnarfundir eru um tíu á ári. Áhersla hefur verið á undirbúning og viðræður vegna kjarasamninga. Auk þess hafa umfjöllunarefni stjórnar verið á fagmál, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins.

Stéttarfélagar eru 788 talsins auk 12 fagaðila og eru konur í meirihluta eða 746 og karlar 54. Auk þess eru nemar í þroskaþjálfarafræðum skráðir með nemaaðild.

Þroskaþjálfafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu þann 8. nóvember 2022 ásamt Félagsráðgjafafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands og Sálfræðingafélagi Íslands vegna handtöku og brottvísunar fatlaðs manns þar sem tekið var undir yfirlýsingu Landsamtakanna Þroskahjálpar frá 3. nóvember um framkvæmd brottvísunar fatlaðs flóttamanns.

Fræðslufundir og starfsdagar

Þann 3. október 2022 stóð ÞÍ fyrir kynningu í Borgartúni á „Gedðheilsuteymi taugaþroskaraskana og helstu áskoranir“. Þroskaþjálfarnir Bjargey Una Hinriksdóttir, teymisstjóri Gedðheilsuteymisins og Gunnhildur Á. Jóhannsdóttir, þroskaþjálfari Gedðheilsuteymisins, sáu um kynninguna.

Stjórn

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður

Steinunn Jónsdóttir ritari

Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri

Anna Björk Sverrisdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir meðstjórnandi

Særún Böðvarsdóttir meðstjórnandi



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
ÁRÆÐNI - FRAMÞRÓUN - SVEIGJANLEIKI

SKÝRSLA FORMANNS

Starfsdagar Þí voru haldnir í Hveragerði 26. og 27. janúar 2023. Yfirskriftin var Þroskaþjálfinn, fagmaðurinn og ég. Mikilvægt var að geta haldið starfsdaga eftir næstum tveggja ára samkomutakmarkanna. Metþátttaka var á starfsdögunum um 250 þroskaþjálfar mættu til leiks. Mikil ánægja var með daganna og á fagrað Þí miklar þakkir fyrir gott skipulag og innihaldsríka daga.

Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfra

2. október ár hvert er haldið upp á alþjóðlegan dag þroskaþjálfra um allan heim. Þroskaþjálfar hafa kunnáttu og þekkingu til að veita fötluðu fólki og öðrum sem hafa skerta færni þann stuðning og þjónustu sem það þarfnast á hverjum tíma. Reynslan sýnir að þroskaþjálfar hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þjóna fjölbreyttum hópum í samfélaginu.

Þroskaþjálfinn

Þroskaþjálfinn kom út árið 2021 og 2023. Þar eru ýmsar áhugaverðar greinar eftir t.d. Friðrik Sigurðsson, Valgerði Unnarsdóttur, Katarzyna Beata Kubiś, Klaudia Rymon-Lipińska, Ingibjörgu Rún Jóhannesdóttur, Ragnheiði Ósk Guðmundsdóttur. Hægt er að skoða Þroskaþjálfann á heimasíðu félagsins.

Erlent samstarf

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norrænna þroskaþjálfra. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.



SKÝRSLA FORMANNS

Í júní 2022 var haldinn stjórnarfundur hjá NFFS í Osló og á þann fund mætti formaður og varaformaður ÞÍ. Einnig var haldinn stjórnarfundur 17. og 18. nóvember 2022 í Færeyjum. Síðasti fundur var haldinn í Reykjavík í júní í Reykjavík og næsti fundur verður líka í Reykjavík 19. og 20. október á þessu ári

Félagið er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári.

Aieji heldur heimsráðstefnu árið 2025 í Kaupmannahöfn, gaman væri að fjölmenna frá Íslandi á heimsráðstefnuna.

Samstarf við háskólasamfélagið

Í júní 2022 var fyrsti útskriftarhópurinn sem útskrifaðist með fjöggra ára nám í þroskaþjálfrafræði til starfsleyfis, það er 180 ECTS eininga BA próf í þroskaþjálfun auk 60 ECTS einingar viðbótarprófi á meistarastigi í þroskaþjálfun. Útskriftin fór fram í húsnæði Þroskaþjálfafélagsins, þetta var stór dagur. Í júní á þessu ári brautskráðust 49 talsins sem útskrifuðust með viðbótardiplómu til starfsleyfis í þroskaþjálfrafræði.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfa og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar.

Frá árinu 2014 hafa Landssamtökin Þroskahjálp verðlaunað nemendur í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir B.A. verkefni með það að markmiði að vekja athygli á framúrskarandi verkefnum og stuðla að nýsköpun. Í október 2021 hélt þroskaþjálfafélag Íslands hóf þar sem veitt voru verlaun fyrir framúrskarandi verkefni.

SKÝRSLA FORMANNS

Leiðsagnarkennarar lokaverkefna í þroskaþjálfafræðum tilnefndu verkefni til umsjónarmanna lokaverkefna og dómnefnd, sem skipuð er fulltrúum frá Átaki, Þroskahjálpi, Þroskaþjálfafélagi Íslands og umsjónamanni lokaverkefna í þroskaþjálfafræðum.

Verkefnin sem tilnefnd voru árið 2021 voru vel unninn og mikill metnaður lagður í útfærslu þeirra. Valið var erfitt og því var ákveðið að velja þrjú verkefni í stað tveggja eins og venjan er.

Tvö verkefni deildu 2. sæti, það voru:

„Hreyfing dagsins og góð ráð (verkefnabók og greinagerð)“
eftir þær Guðnýju Hönnu Sigurðardóttur og Selmu Shwaiki.

„Það læra börn sem fyrir þeim er haft — hugmyndir af félagsfærniþjálfun“
eftir Önnu Maríu Snorradóttur.

Í 1. sæti var verkefnið:

„Enginn er eins“
eftir Andreu Rut Birgisdóttur og Maríu Erlu Finnbjörnsdóttur.
Leiðbeinandi var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg.

Í júní 2023 voru veitti Þroskahjálpi einnig viðurkenningu fyrir lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafræðum. Í ár voru tilnefnd fimm lokaverkefni en verkefnið sem hlaut viðurkenninguna ber heitið Gullkistan. Spil sem er hannað fyrir nemendur sem nýta sér óhefðbundnar leiðir til tjáningar, tákn með tali.

Höfundar þess eru Elísa Marey Sverrisdóttir, Sara Hlín Liljudóttir og Snædís Helma Harðardóttir. Leiðbeinandi þeirra var Dr. Anna Björk Sverrisdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
ÁRÆÐNI - FRAMÞRÓUN - SVEIGJANLEIKI

SKÝRSLA FORMANNS

„Um er að ræða frumlegt, fallega hannað og vel útfært verkefni sem er ætlað að mæta fjölbreyttum hópi nemenda þegar kemur að námi og félagslegri þátttöku. Þá eykur það gildi verkefnisins að það er einnig hannað með það í huga að nemendur sem nýta sér óhefðbundnar leiðir til tjáningar geti tekið þátt. Með því að hanna spilið með tmt táknum er verið að mæta stærri hópi nemenda en að auki eykur notkun spilsins þekkingu á tmt sem leið til að styðja við tjáningu ólíkra nemenda.“

Reykjavík, september 2023,

Fyrir hönd Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir

formaður



Landssamtökin
Þroskahjálp